

Mikilvægt að ræða um ófrjósemi

Alexandra Helga Ívarsdóttir og eiginmaður hennar, knattspyrnumaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson, eignuðust á dögnum sitt fyrsta barn. Hjónin biðu frumburðarins í fimm ár og segir Alexandra mikilvægt að ræða ófrjósemi, enda sé erfitt að fara í gegnum slíkt verkefni í þögninni eins og hún gerði í upphafi. ► 20



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Öðruvísi að hjóla með Íslendingum

Anna Kristín Ásbjörnsdóttir fór að hanna fjallahjólaferðir fyrir Íslendinga í Covid. ► 24



Fann engin rök fyrir kjötneyslunni

Benjamín Sigurgeirsson segir auðveldara að vera vegan í dag en fyrir tíu árum. ► 26

GRÆJAÐU ÞIG FYRIR FERÐALAGIÐ

Bose SoundLink Mini er frábær ferðafélagi.
Þú finnur fleiri góða ferðafélaga á elko.is.

ELKO

Eldgosið komið aftur í gírinn

gar@frettabladid.is

ELDGOS „Gosið er búið að jafna sig á þessari truflun sem hefur orðið og núna er það bara komið aftur í gírinn,“ segir Þorvaldur Þórðarson, eldfjallafræðingur hjá Jarðvísindastofnun Íslands.

Nokkurt hlé varð á sýnilegu kvikustreymi frá gosinu í Geldingadölum í gær og svipað var uppi á teningnum í fyrradag. Mikil virkni var hins vegar í gígnum í fyrrakvöld og fram á nótt. Um kvöldmatarleytið í gær tók kvikan aftur að vella úr gígnum eftir að svo hafði virst fyrr um daginn að sloknað væri í honum.



Hann jós úr sér, alveg svakalega mikið.



Þorvaldur Þórðarson, eldfjallafræðingur.

„Hann jós úr sér, alveg svakalega mikið,“ segir Þorvaldur. Þessi mikla gusa sem kom í fyrrakvöld hafi tæmt efri hluta gosrásarinnar. „Þá hefur bara hrúnið í gíginn og hann stíflast. En núna er hann búinn að hreinsa sig,“ segir hann og útskýrir að veggir gígsins séu svo óstöðugir að ef yfirborðið í gígnum lækki, jafnvel aðeins í stuttan tíma, geti hrúnið mikið inn í hann. Og það sé sennilega það sem hafi gerst í fyrri-nótt. Upp úr klukkan eitt í gærðag hafi gosróinn svo farið að gera vart við sig aftur.

„Gígurinn er kominn aftur af stað og virkni er bara nákvæmlega eins og hann er búinn að vera með,“ segir Þorvaldur, sem aðspurður kveðst telja mjög ólíklegt að komið hafi stopp í það kvikustreymi sem verið hefur upp á yfirborð frá um sautján kílómetra dýpi. Rishraðinn á kvikunni sé ekki það mikill að breytingar á því myndu sjást svo fljótt.

Þannig segir Þorvaldur ekkert benda til þess að eldgosinu í Geldingadölum sé að ljúka. „Eins og ég hef alltaf sagt þá getur þetta hætt á morgun þess vegna, en mér finnst ekkert vera að benda til þess að gosið sé að hætta – þótt það komi kannski svona smá pásur.“ ■

Vatnslitað við vatnsbakkann



„Það er skemmtilegt að mála úti, það er bara ekki alltaf hægt hérna á Íslandi með vatnslitum,“ segir Óskar Thorarensen lögmaður, sem kveðst hafa lagt stund á listmálun í fimmtán til tuttugu ár. Óskar var í gær við iðju sína við Reykjavíkurtjörn, sem er hans eftirlætismyndefni. Þar hefur Óskar lent í ýmsu. „Fyrir nokkrum árum var ég að gera mynd og bakkaði aðeins til að virða hana fyrir mér og þá f auk hún út í Tjörn. Ég náði henni aldrei,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Fjarðarheiðargöng boðin út 2022

arnartomas@frettabladid.is

AUSTURLAND Vinna að hönnun Fjarðarheiðarganga, bæði jarðganga og aðkomuvega, er á áætlun og miðað er við að henni verði lokið vorið 2022.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Vegagerðinni. Þar segir að áætlað sé að verkið verði boðið út síðsumars 2022 og að undirritun við verk-taka gæti farið fram snemma árs 2023. Gangagröftur gæti þá hafist um haustið 2023.

Göngin verða yfir þrettán kílómetrar að lengd og mun framkvæmdin taka langan tíma, en áætlað er að verkinu verði að fullu lokið 2034.

Áætlaður heildarkostnaður við gerð Fjarðarheiðarganga mun nema um 35 milljörðum króna. ■

Andi Reykjavíkur sveif yfir vötnum í Norður-Skotlandi

Sendiherra Íslands í Bretlandi, Sturla Sigurjónsson, kikti við í bækistöðvar Konunglega breska flughersins við Lossiemouth fyrir skömmu og skoðaði þar flugvélina Spirit of Reykjavík. Hann segir að Englendingar séu bjartsýnir á gott gengi á EM, mikil spenna sé fyrir liðinu. Fótboltinn gæti jafnvel verið á leiðinni heim en Englendingar mæta Úkraínu í dag á mótinu.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Mér fannst við hæfi í ljósi sögunnar og verkefnisins að líta til þeirra og mér var afar vel tekið,“ segir Sturla Sigurjónsson, sendiherra Íslands í Bretlandi, en hann fór í heimsókn í bækistöðvar Konunglega breska flughersins við Lossiemouth í Skotlandi fyrir skömmu, þar sem hann skoðaði meðal annars eftirlitsflugvélina Spirit of Reykjavík.

Flugvélin er nefnd eftir Reykjavík til að heiðra hlutverk Íslendinga í sigri bandamanna í orrustunni um Atlantshafið í seinni heimsstyrjöldinni. Sú sveit sem hér var, 120. flugsveitin, er með fáka í merkinu sínu. „Flugsveitin var staðsett á Íslandi 1943-1945 og eltist við þýska kafbáta á Atlantshafi.“

Flugherinn hefur verið að endurnýja flotann sinn og er að taka í notkun Poseidon eftirlitsflugvélar. Fyrstu fimm hafa fengið nöfn eins og Pride of Moray, City of Elgin, Spirit of Reykjavík og Fulmar.

Sturla segir að heimsóknin, sem hann fór í ásamt konu sinni Elínu Jónsdóttur, hafi verið bæði fróðleg og skemmtileg.

Hann segir að síðan í maí hafi hann verið að reyna að bæta upp fyrir tapaðan tíma sem Covid-faraldurinn olli.



Sturla og Layden ofursta fyrir framan eftirlitsflugvélina Spirit of Reykjavík á Lossiemouth herstöðinni í Skotlandi. MYND/RAF



Ég heyri ekki annað á tali fólks og í fjölmiðlum. Þeir eru bjartsýnir og mikil spenna.

Sturla Sigurjónsson, sendiherra.

Sturla segir að bjartsýni ríki nú um allt England, þar sem knattspyrnulandsliðið hafi verið að gleðja landsmenn með góðum árangri á Evrópumótinu í fótbolta. Samfélagið hafi þjáðst í Covid-faraldurinum en nú megi sjá bros á vör víða um götur London.

„Þeir gera sér vonir um að gera góða hluti á Evrópumótinu. Ég heyri ekki annað á tali fólks og í fjölmiðlum. Þeir eru bjartsýnir og mikil spenna.“

Englendingar mæta Úkraínu í Rómaborg í dag og tekur Sturla undir það að ensk þjóðarsál hafi þurft á smá gleði að halda. „Algjörlega. Sigurinn gegn Þýskalandi skipti þá miklu máli og fyrst það tókst held ég að þeir hyggi á frekari landvinninga – ef ég get tekið þannig til orða.“ ■



TENERIFE

09. - 20. júlí | 11. dagar!

Innifalið: Flug, gisting, handfarangur og ferðataska

verð frá **79.990 kr.**

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn

SUMAR FERDIR

www.sumarferdir.is | info@sumarferdir.is | 514 1400




... 0000G SLAKA

TOYOTA RELAX



Við framlengjum ábyrgðina á Toyota bílnum þínum um 12 mánuði* í senn þegar þú kemur í þjónustuskoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota. **Toyota Relax** er í boði þar til bíllinn verður 10 ára eða hann ekinn 200.000 kílómetra - hvort sem fyrr kemur.

Nánari upplýsingar á www.toyota.is



* Toyota RELAX ábyrgð gildir í 12 mánuði frá og með þjónustuskoðun bifreiðar eða í 15 þúsund km akstur (20 þúsund í tilvikum Proace) – hvort sem fyrr kemur. Íhlutir sem gert er athugasemd við í þjónustuskoðun og sem ekki eru lagaðir falla ekki undir Toyota RELAX ábyrgð. Bíll er gjaldgengur í Toyota RELAX ef hann er fluttur inn af Toyota á Íslandi, er keyrður minna en 200 þúsund km og er ekki orðinn 10 ára gamall. Bílar með minna en 12 mánuði eftir af núgildandi ábyrgð (5 ára eða 7 ára) eru EINNIG gjaldgengir í Toyota RELAX – að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrirvari við 5 og 7 ára ábyrgð bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingum ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

Tölur vikunnar



milljón var sektin sem Huppuís var gert að greiða vegna rafrænnar vöktunar.



hús voru rýmd í Varmahlíð eftir aurskriðu sem þar féll.



greindust með lekanda frá janúar til maí á þessu ári.



milljarðar var andvirði hlutabréfa sem sex erlendir sjóðir seldu í Íslandsbanka á fyrstu þremur dögum eftir skráningu.



tilkynningar hafa borist bandarískri miðstöð tilkynninga um fljúgandi furðuhluti yfir Íslandi.

Þetta sögðu þau



Krístrún Frostadóttir

frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavíkarkjördæmi suður.

Fólk þarf að þora að taka áhættuna

sem felst í því að stofna fyrirtæki, án þess að hafa áhyggjur af því að eiga ekki fyrir grunnþörfum. Þannig verða verðmæti til, með hugmyndaleit einstaklinga og velferðarkerfið sem bakhjarl. Við viljum ekki lifa í samfélagi þar sem tækifæri til slíkra ævintýra erfast.



Kolbrún Baldursdóttir

oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur.

Hugsanlega má reikna með að

eitthvað af umbótatilögum meirihlutans á skóla- og velferðarsviði verði orðnar að veruleika rétt fyrir borgarstjórnarkosningar sem verða í maí á næsta ári. Er það ekki dæmigert að efna eigi loforð rétt fyrir kosningar, sem gefin voru fyrir síðustu kosningar? Ná þessi meirihluti aftur kjöri má ætla að sama gerist og síðast, hin fögru loforð fara í skúffu og þegar líður aftur að kosningum verði aftur dustað af þeim rykið.



Guðlaugur Þór Þórðarson

utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

Alþjóðasamvinna og alþjóðavíðskipti

á grunni sjálfbærni verða áfram undirstaða efnahagslegra og félagslegra framfara, en raunveruleg framþróun mannréttinda getur aldrei orðið undir kaldri hönd einræðis. Lýðræðið er þrátt fyrir allt það skásta sem við höfum ■

Segir að gosið muni lifa eftir dauðann

Virgni í eldgosinu í Geldingadölum hefur minnkað undanfarna sólarhringa. Gosið hefur verið fengur fyrir ferðaiðnaðinn og verður áfram landkynning þótt það lognist út af, að mati framkvæmdastjóra Samtaka ferðabjónustunnar.

adalheidur@frettabladid.is

FERÐABJÓNUSTA „Það má kannski segja að það væri kurteisi af gosinu að halda svolítið áfram svo að fólk sem er búð að bíða og bóka ferð geti komið og séð það,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar, um lægdina á eldstöðvunum í Geldingadal undanfarna sólarhringa.

„En það er svo sem ekki öll von úti enn, skilst manni á jarðfræðingum,“ segir Jóhannes.

Um miðjan dag í gær var sloknað í aðalgignum, að sögn Kristínar Jónsdóttur, jarðeðlisfræðings og hópstjóra náttúruvár hjá Vedurstofunni.

Mikil virkni hafði verið í gosinu dagin áður og fram á nótt og flæddi þá nýtt hraun ofan í Nátt-haga. Virknin lognaðist svo út af í gær og um tíma rann ekki hraun úr gignum. Seinnipartinn var hins vegar aftur komin kvika upp á yfirborðið. Að mati náttúruværhóps Suðurlands var þetta goshlé, en í gær sást í hraunbráð í fyrsta skipti frá því að gosið hófst 19. mars.

„Það fer eftir því hvernig á það er litið, segir Jóhannes, aðspurður um þýðingu þess fyrir ferðabjónustuna ef hætti að gjósa.

„Gosið hefur náttúrulega valdið mikilli umfjöllun sem við höfum augljóslega notið góðs af. Ef gosið hverfur hefur það náttúrulega ekki sama aðdráttarafl fyrir fólk. En við höfum þó séð til dæmis við eldgos í Holuhrauni og reyndar í Eyjafjallajökli líka, að svona viðburðir lifa nú töluvert eftir að þeim er lokið,“ segir Jóhannes og telur að vel megi búast við því að gosið muni eiga sér líf eftir dauðann.



Þúsundir manna, bæði innlendra og erlendra hafa lagt leið sína að eldgosinu í Geldingadölum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Glænýtt hraun, eins og þarna er, hefur alltaf aðdráttarafl þótt gosinu sjálfu sé lokið.



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar.

„Glænýtt hraun, eins og þarna er, hefur alltaf aðdráttarafl þótt gosinu sjálfu sé lokið,“ segir Jóhannes og bætir við: „Það má gera ráð fyrir því að gosstaðurinn muni hafa aðdráttarafl sem áfangastaður, jafnvel í eitt til tvö ár eftir að gosinu lýkur, en auðvitað ekki á sama hátt.“

Jóhannes á ekki von á afbökunum þótt gosinu ljúki nú

„Þrátt fyrir allt er gosið nú bara eitt af því sem fólk hyggst skoða á ferð sinni um Ísland. Miðað við þær kannanir sem við höfum séð er gosið ekki helsti ákvörðunarþátturinn fyrir ferðalög til Íslands. Það er meira svona „VÁ faktor“ og eitt af því sem fólk hyggst þá skoða, en ekki úrslitaþáttur.“ ■

Eldgosið í Geldingadölum

Kvöldið 19. mars síðastliðinn hófst eldgos í Geldingadölum við Fagradalsfjall og hefur nú staðið yfir í 106 daga.

Jarðvísindastofnun skiptir gosinu í þrjú tímabil. Það fyrsta stóð yfir í um tvær vikur og einkenndist af frekar stöðugu hraunrennsli. Annað tímabilið stóð yfir í svipaðan tíma og einkenndist af opnum nýrra gosopa og hreyfilegu hraunrennsli. Þriðja tímabilið stendur enn yfir og hefur virknið öll verið í sama gignum.

ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND,
SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í
BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU

Útsala
40-50%
afsláttur af öllum
útsöluvörum

herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND

Útsala
40%
afsláttur af öllum
útsöluvörum

Mathilda
Kringlunni

Útsala
40-50%
afsláttur af öllum
útsöluvörum

COLLECTIONS

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

Útsala
40%
afsláttur af öllum
útsöluvörum

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Útsala
40-50%
afsláttur af öllum
útsöluvörum

HANZ
Kringlunni

Útsala
40%
afsláttur af öllum
útsöluvörum

ENGLABÖRNIN
Falleg fót á stelpur og stráka...
Kringlunni



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið



Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óbirtu handriti að skáldverki fyrir börn eða unglinga, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur. Verðlaununum verður úthlutað í fjórða sinn að vori 2022.

Verðlaun að upphæð 1 milljón króna verða veitt fyrir eitt handrit.

Priggja manna dómnafnd metur verkin og eru meðlimir hennar tilnefndir af menningar-, íþróttá- og tólmstundaráði, Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður að starfa með. Sé dómnafnd á einu máli um að ekkert innsent handrit fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka má fella verðlaunaafhendinguna niður þetta árið.

Handritum skal skilað í þríriti og undir dulnefni, en nafn og símanúmer höfundar fylgi með í lokuðu umslagi. Ef um myndlýst handrit er að ræða er ekki tekið á móti frummyndum, aðeins ljósritum.

Handrit berist í síðasta lagi mánudaginn 18. október 2021.

Utanáskrift:

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur
b.t. Reykjavíkurbókmenntaborgar UNESCO
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Í apríl 2018 samþykkti borgarráð að frá 2019 verði Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur veitt árlega að vori fyrir handrit að nýrri barna eða ungmennabók. Margrét Tryggvadóttir hlaut Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur 2021 fyrir handrit sitt að bókinni *Sterk*.

SKIPULAGSLÝSING FYRIR SUÐURHÁLENDIÐ

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðrhálendis vinnur nú að gerð nýs svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið sem nær til eftirtalinnna sveitarfélaga: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þessara taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu.

Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal samvinnunefnd sem vinnur að gerð nýs svæðisskipulags „...taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hefur við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig kynningu verði háttáð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum”.

Skipulagslýsing ásamt fylgigögnum liggur nú fyrir og geta þeir sem áhuga hafa á kynnt sér hana á heimsíðu verkefnisins: sass.is/sudurhalendi/.

Þeir sem vilja koma með ábendingar eða athugasemdir um fyrirliggjandi gögn eða efni skipulagslýsingar geta skilað þeim til svæðisskipulagsnefndar á netfangið: sudurhalendi@sass.is.

Frestur til athugasemda er gefinn til og með 15. ágúst nk.

Endanleg tillaga verður kynnt almenningi með formlegum hætti og auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Svæðisskipulagsnefnd Suðrhálendis

Fjármálaklúður við gerð leikskóla

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Uppfærð kostnaðaráætlun við gerð leikskóla í Safamýri er 74 prósentum hærri en upphafleg áætlun. Skólinn átti að kosta 433 milljónir króna, en upphæðin stefnir í 752 milljónir.

Aukinn kostnaður er aðallega sagður vera vegna nauðsynlegra aðgerða til að bregðast við rakaskemmdum og byggingargalla. Þá uppfyllti húsnæðið ekki kröfur um bruna-, öryggis- og aðgengismál.

Hreinsa þarf alla útveggi að innan og einangra og klæða þá að utan, sökum rakaskemmda og óheppilegrar uppbyggingar og frá-



Fyrri kostnaðaráætlun borgarinnar stóðst alks ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

gangs að innan. Endurnýja þarf þak sökum rakaskemmda og burðargrindur veggja eru gerðar af vanefnum. Þarf að endurnýja allar lagnir.

Þá er ekki hagkvæmt að halda í núverandi eldhús og búnað þess

og engin salerni var hægt að nýta án verulegra breytinga. Þá reyndist flóknara að endurnýja ónýtar frárennislagnir en reiknað var með.

Umfangsmiklar rakaskemmdir komu í ljós í hönnunar- og niðurrifsfasa verkefnisins.

Vigdís Hauksdóttir segir í bókun sinni fyrir Miðflokkinn að málið sé enn eitt fjármálaklúðrið í borginni. „Það sjá allir að kostnaðargreiningar og fjárhagslegt framkvæmdamat er í molum hjá þeim sem stjórna borginni,” bókaði Vigdís

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sögðu að borgin hefði ekki farið í verkefnið ef fjárhagsáætlun hefði verið rétt. ■

Landsbyggðabörn fá síður þjónustu eftir dvöl á BUGL

Margra mánaða bið er eftir þjónustu sálfræðinga um allt land. Fjöldi stöðugilda er ekki í samræmi við þörfina. Þörf er á yfir 100 sálfræðingum um allt land til að mæta þörfinni.

svava@frettabladid.is

ALÞINGI „Þetta er bara alls ekki að batna,” segir Anna Kolbrún Árnadóttir þingkona Miðflokksins, um bið eftir sálfræðiþjónustu víða um land. Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn hennar um efnið, sem birt var á vef Alþingis í vikunni, kemur fram að bið eftir viðtali hjá sálfræðingi sé allt að sex til sjö mánuðir bæði fyrir börn og fullorðna, en biðin er mislönng eftir landshlutum.

Anna Kolbrún hefur óskað eftir upplýsingum um biðina á hverju ári á kjörtímabilinu og fylgist með breytingum milli ára. Að hennar sögn sýna svörin að vandinn sé síður en svo að minnka, þrátt fyrir mikla umræðu í samfélaginu undanfarnar misseri. Þá hefur vanlíðan barna og ungmenna í faraldrinum einnig vakið athygli og hafa sérfræðingar lýst áhyggjum af þeirri þróun. „Það verður áhugavert að bera saman tölur um bið og biðlista fyrir og eftir faraldurinn,” segir Anna Kolbrún.

„Maður myndi halda að það væri auðveldast að manna stöður á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins betur, enda biðlistinn þar hrikalega langur,” segir Anna Kolbrún.

Hún bendir hins vegar á annars konar vanda á landsbyggðinni.

Á Vesturlandi og Vestfjörðum hefur þjónustan verið boðin út, en þar geta einyrkjar ekki tekið þátt, heldur þurfa þeir að vera bundnir einhverri stöð. Svo er verið að reyna að redda einhverju í gegnum fjarheilbrigðisþjónustu,” segir Anna Kolbrún og bætir við: „Hér skortir einfaldlega á samningsviljann.”



Anna Kolbrún Árnadóttir þingkona Miðflokksins, spyr heilbrigðisráðherra reglulega um bið eftir sálfræðiþjónustu um landið allt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Úr svari ráðherra um bið eftir sálfræðiþjónustu og mönnun

Heilbrigðisstofnun	Bið í mánuðum	Fjöldi stöðugilda nú	Þörf fyrir stöðugildi
Austurlands	4–5	3,7	5–5,5
Norðurlands	6–8	8,7 (7,3)*	14,5
Suðurlands	4–6	5,2	7,2
Suðurnesja	4–7	8,2	9,9
Vestfjarða	0,5–1	0,4	1,5*
Vesturlands	Nokkrir mánuðir	5,8 (3,8)*	8

*Raunmönnun þar sem erfitt er að ráða í stöður.

Höfuðborgarsvæðið	Bið í dögum	Fjöldi stöðugilda	Þörf fyrir stöðugildi
Þjónusta fyrir börn	86	13,3	37,4
Þjónusta fyrir fullorðna	93	15,7	30

Þá tekur Kolbrún dæmi um börn með sjálfskaðandi hegðun á Austurlandi. Þau geti fengið innlögn og þjónustu á barna- og unglingageðdeildinni, BUGL, en þegar þau fari heim eftir útskrift fái þau enga þjónustu í heimabyggð.

„Það þarf að opna á fleiri aðila, það þýðir ekki að stofnanavæða einkareksturinn líka,” segir Anna

Kolbrún. „Sjálftætt starfandi sálfræðingar ættu að fá að gera samninga,” segir Anna Kolbrún og bendir á að vel sé hægt að búa til farveg fyrir slíkt.

Hún segir einnig að það fjármagn sem komi inn í málaflökkinn sé of eyrnamerkt sérstökum verkefnum og því takmarkað svigrúm til að verja því þar sem þörfin er mest. ■

Ríkustu áttu tvö þúsund milljarða

benediktboas@frettabladid.is

FJÁRMÁL Ríkustu 0,1 prósent Íslendinga áttu 293 milljarða í eigið fé í lok ársins 2020. Ríkustu fimm prósentin áttu 39,2 prósent af heildar eigin fé landsmanna, eða rétt yfir tvö þúsund milljarða króna.

Þetta kemur fram í svari Bjarna Benediktssonar, fjármálaráðherra, við fyrirspurn Loga Einarssonar, formanns Samfylkingarinnar.

Tíu prósentá hópurinn er miðaður við 24 þúsund fjölskyldur, fimm



Ríkustu fimm prósentin eiga um 40 prósent af eigin fé landsmanna.

prósenta hópurinn við 12 þúsund fjölskyldur, ríkasta prósentíð við 2.400 fjölskyldur og 0,1 prósent hópurinn við 240 fjölskyldur.

Heildareignir landsmanna námu 7.678 þúsund milljörðum og eigið fé landsmanna var 5.298 milljarðar.

Eigið fé þeirra 5 prósentá sem áttu mestar eignir var 2.076 milljarðar og hlutfall eigin fjár þeirra af eigin fé allra var rúm 40 prósent. Eigið fé ríkasta prósentisins voru 902 milljarðar. Eigið fé ríkustu 240 fjölskyldnanna var 293 milljarðar. ■



NÝTT – EGF Body Serum

Byltingarkennd húðvara sem veitir langvarandi raka og gerir húðina silkimjúka.

Styttum af Viktoríu og Elísabetu steyppt af stalli

arnartomas@frettabladid.is

KANADA Styttur af Viktoríu og Elísabetu Bretlandsdrottningum hafa verið rifnar niður í Kanada, í kjölfar reiðiöldu vegna uppgötvunar á fjöldagröfum innfæddra barna.

Hópur fólks safnaðist saman í Winnipeg á Kanadadaginn 1. júlí og reif niður styttur af drottningunum sem taldar eru einkennandi fyrir nýlendutíma Bretlands.

Þá hefur fjöldi kaþólskra kirkna sem staðsettar eru á landi innfæddra verið brenndur niður.



Styttan af Viktoríu var rifin niður.

Ætlað er að grafirnar séu frá því tæplega hundrað ára tímabili sem að minnsta kosti 150 þúsund börnum af innfæddum ættum í Kanada var gert skylt að sækja kaþólska skóla með það að markmiði að aðlaga þau að kanadisku samfélagi. Grafirnar sem nýlega hafa komið í ljós skipta hundruðum. Mót mælendur herja nú í auknum mæli á minnisvarða einstaklinga sem komu að stofnun skólanna.

„Þessi skelfilegi fundur á líkamslífum hundraða barna hafa með réttu krafið okkur til að velta



Við sem Kanadabúar verðum að vera heiðarleg við okkur sjálf varðandi fortíð okkar.

Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada.

fyrir okkur sögulegum mistökum í landinu okkar og það óréttlæti sem innfæddir og margir aðrir í Kanada líða enn þann dag í dag,” sagði Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, í yfirlýsingu. „Við sem Kanadabúar verðum að vera heiðarleg við okkur sjálf varðandi fortíð okkar.“

Talsmaður bresku ríkisstjórnarinnar sagði að hún fordæmði alla vanvirðingu á drottningarstyttnum, en að hugur þeirra væri hjá samfélögum innfæddra í Kanada eftir þessa sorglegu fundi. ■



Ríkið hefur greitt hundruð þúsunda til ljósmyndara til að mynda blaðamannafundi. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Hundruð þúsunda fyrir að mynda blaðamannafundi

benediktboas@frettabladid.is

KOSTNAÐUR við blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar frá 1. febrúar í fyrra, 2020, til 1. júní í ár, nam sjö milljónum króna. Á tímabilinu voru haldnir 15 blaðamannafundir þar sem blaðamenn og færustu ljósmyndarar landsins koma saman, greina frá því sem ríkisstjórnin er að tilkynna og gera því skil í fjölmiðlum. Engu að síður borgaði ríkið 320 þúsund í ljósmyndun. Langstærsti hlutinn fór í að leigja fundaðstöðu, tækjaleigu og tæknilega þjónustu, eða 6,6 milljónir. Táknmálsþjónusta kostaði um 100 þúsund. ■

LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í blaðinu í gær að sundlaug yrði opnuð í Urriðaholti í haust. Hið rétta er að sundlaug verður opnuð í Úlfarsárdal. Sundlaug er á skipulagi í Urriðaholti, en ekki er vitað hvenær hún mun rísa. Beðist er velvirðingar á mistökunum. ■

Lax sagður vera að streyma upp árnar

Tölur frá júnímánuði sýna góða veiði í nokkrum laxveiðiám á landinu og gefur það fyrirheit um betra veiðitímabil en í fyrra.

thorgrimur@frettabladid.is

VEIÐI „Þetta fer mjög vel af stað, sérstaklega Urriðafoss,“ segir Elías Blöndal Guðjónsson, framkvæmdastjóri Landssambands veiðifélaga, um nýbirtar veiðitölur frá byrjun laxveiðitímabilsins 2021.

„Það hefur verið frekar kalt en hins vegar er smálaxinn að fara að skila sér og er farinn að hellast inn í Norðurá, þar sem var 160 laxa vikuveiði. Það eru fleiri ár að skila dálítið aukinni veiði núna,“ segir Elías

Í tilkynningu á vef Landssambandsins stendur að hlýtt veður hafi sett mark sitt á veiðiskapinn víða um landið síðustu vikuna. Meðal annars hafi hlýjan valdið því að ekki sé enn hægt að stunda veiðar í Jöklu og vatnavextir hafi truflað veiðar í Skjálfandafjötö.

Auk Urriðafoss og Norðurár eru þær veiðiár sem kallaðar eru hástökkvarar í tilkynningunni vikuna 24.-30. júní Þverá/Kjarrá, Eystri-Rangá og Haffjardará, þar sem veiddust 79, 67 og 62 laxar.

Elías segir að hingað til séu veiðimennirnir flestir Íslendingar, en að hann geri ráð fyrir komu fleiri útlendinga í júlí. Nokkuð færri útlendingar hafi komið til að renna fyrir lax á Íslandi í fyrra en venjulega, en þó hafi fækkunin ekki verið eins mikil og óttast var.

„Það voru náttúrlega stórir hópar sem komust ekki til landsins af ýmsum ástæðum; ferðatak-mörkunum og svo bara út af vandræðum heima fyrir, og svo treystu menn sér ekki. Þetta er mikið fólk



Fyrstu laxveiðitölur úr Urriðafossi þykja lofa sérlega góðu, en tölur úr öðrum ám eru einnig góðar. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**



Það að má gera ráð fyrir að flestir sem vilja hafi getað komið og fengið sín veiðileyfi. Það má líka ætla að það sé meiri eftirspurn núna en í fyrra eftir veiðileyfum.

Elías Blöndal Guðjónsson.

á miðjum aldri sem treysti sér ekki til að ferðast þótt það hefði getað það. Aftur á móti komu miklu fleiri í fyrra en við óttuðumst síðasta vor. Það liggur fyrir að það varð umtalsvert tjón af völdum Covid, en miklu minna en við óttuðumst, og það voru margir Íslendingar sem hlupu í skarðið og náðu í veiðileyfi sem oft er ekki hægt að fá. Þetta gekk framur vonum út frá viðskiptalegum sjónarmiðum.“

„Mér sýnist að árið í ár verði bara betra,“ bætir Elías við. Hingað til lands geti nú allir komið sem séu bólusettir og það án mikilla takmarkana. Gera megji ráð fyrir að

flestir sem vilja hafi getað komið og fengið sín veiðileyfi.

„Það má líka ætla að það sé meiri eftirspurn núna en í fyrra eftir veiðileyfum, bæði vegna þess að menn hafa kannski ekki komist í fyrra og klæjar núna í lófana að komast út í á, en líka vegna þess að Ísland hefur náð góðum árangri í baráttunni gegn Covid og verður því kannski eftirsóknarverðari áfangastaður en aðrir. Það eru gríðarleg tækifæri fölgín í því núna fyrir veiðileyfala og veiðiréttarhafa að byggja á þessu, á þessu mikla víðerni, hreinu, ósnortnu náttúru og þessum innviðum sem við erum með.“ ■

MUNUM EFTIR TAUPOKANUM

Landssamband eldri borgara hvetur þig til að skipta út einnota pokum fyrir taupoka.

Það tekur plastpoka allt að 1000 ár að brotna niður.

Skuggalega flottur.



Movement that inspires

Kia Sportage er nú fánlegur í Black Edition útgáfu.

Hrífandi yfirbragð, 17" svartar álfelgur, fjórhjóladrif, öflug dráttargeta og lykllaussar lausnir eru meðal helstu einkenna Kia Sportage Black Edition. Einnig býr þessi seiðmagnaða útgáfa yfir öllum þeim tækni- og öryggisbúnaði sem hefur gert Kia Sportage að einum vinsælasta jeppingi landsins. Kia Sportage Black Edition fæst sem MHEV (Mild Hybrid) og í 6 mismunandi litum.

Komdu og reynsluaktu Kia Sportage Black Edition. Þú kolfellur fyrir honum.


Opið í dag frá kl. 12-16. Við tökum vel á móti þér.

Kia Sportage Black Edition verð frá:

6.990.777 kr.

1.6 dísil MHEV, 4WD, 7 þrepa sjálfskipting, 136 hõ, eyðsla frá 5.1 L/100 km

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir
allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir



Segir fólk vilja að ástandið taki enda sem fyrst

Svetlana Tsikanovskaja, sem bauð sig fram gegn sitjandi forseta Hvíta-Rússlands í fyrra og flúði heimland sitt og leitaði hælis í Lithaen, er í heimsókn á Íslandi og ræddi við Fréttablaðið í gær.

thorvardur@frettabladid.is


UTANRÍKISMÁL Hvítrússneski stjórnarandstæðingurinn Svetlana Tsikanovskaja kom hingað til lands í gær í heimsókn á vegum Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra og fundaði með honum, auk þess sem hún hitti Steingrím J. Sigfússon forseta Alþingis og Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.

Tsikanovskaja flúði frá heimalandi sínu í fyrra eftir forsetakosningar í ágúst, þar sem hún bauð sig fram gegn sitjandi forseta, Alexander Lúkasjenkó. Hún leitaði hælis í Litáen, en eiginmaður hennar Sergei er í fangelsi í heimalandinu.

Lúkasjenkó hefur farið með völd í landinu síðan 1994 og stjórnad með harðri hendi. Vesturlönd, þar með talið Ísland, segja kosningarnar ólögmatar og Lúkasjenkó hafa framið stórtækt kosningavindl. Evrópusambandið hefur komið á refsiaðgerðum gegn Lúkasjenkó og stjórn hans.

Íslensk stjórnvöld hafa fordæmt aðgerðir stjórnarinnar gegn stjórnarandstæðingum og mótmælendum en fjöldi fólks hefur verið handtekinn og mótmæli barin niður.

„Það er mér mikill heiður að vera boðið hingað. Við erum að leita að



Svetlana Tsikanovskaja segir andstöðuna gegn Alexander Lúkasjenkó halda áfram, þrátt fyrir að ekki sé efnt til stórra mótmæla.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Stjórnvöld lögðu sjálfstæða fjölmiðlun í rúst, en fólk þarf að fá að vita sannleikann.

Svetlana Tsikanovskaja

hjá Rússum og Vladímír Pútín forseta. Tsikanovskaja segir baráttuna hafa skipt um ham frá því sem var í haust, þegar fjöldamótmæli fóru fram víða um Hvíta-Rússland.

„Það eru ekki lengur stór mótmæli en á hverjum degi eru smærri, staðbundin mótmæli. Við setjum táknið okkar upp alls staðar. Lítil dagblöð eru útbreidd um landið, þar sem við gefum fólki réttar upplýsingar enda er allt flæðandi í stjórnaráróðri. Stjórnvöld lögðu sjálfstæða fjölmiðlun í rúst, en fólk þarf að fá að vita sannleikann. Sjálfboðaliðar okkar eru að störfum um allt land, þeir tala við fólk og útskýra fyrir því hvernig það getur beitt sér gegn stjórninni. Samstaða er um allsherjarverkfall, þegar tími er til kominn,“ segir Tsikanovskaja að lokum. ■

bandamönnum því við verðum að horfa til framtíðar,“ segir Tsikanovskaja.

„Líkt og við segjum í Hvíta-Rússlandi, þá getur ein manneskja ekki gert mikið. Ég get ekki gert mikið ein, en get stigið stutt skref. Allir Hvít-Rússar geta stigið stutt skref. Ef milljónir stiga stutt skref komust við langt. Ísland er ekki eitt. Ísland, í samstarfi við Norðurlöndin, við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), við önnur lönd, getur haft raunveruleg áhrif á ástandið,“ segir Tsikanovskaja, um möguleg áhrif Íslands á mál lands hennar.

Flugvél með hvítrússneskum blaðamanni og stjórnarandstæðingi var neydd til að landa í höfuðborginni Minsk og hann handtekinn í maí. Þá var hert mjög á refsiaðgerðum ESB.

„Það mun koma í ljós hver viðbrögð stjórnarinnar verða. Þó verður að segja að það eru undanþágur frá refsiaðgerðunum. Í umræðunni um refsiaðgerðir, þá er sagt að folkið muni þjást. Það má ekki gleymast að fólk er nú þegar að þjást – ekki vegna refsiaðgerða heldur vegna framgöngu stjórnarinnar, vegna ofbeldis. Fólk vill að

þetta taki enda sem fyrst. Það eina sem dugur eru harðar refsiaðgerðir. Það sem við viljum núna, ef stjórnin heldur áfram að beita ofbeldi, er að undirbúnar verði enn frekari refsiaðgerðir,“ segir hún. „Við byrjuðum ekki í ágúst með harðar refsiaðgerðir. Við reyndum að ná til stjórnarinnar fyrst og koma á viðræðum, í gegnum ÖSE og á öðrum vettvangi.“ Lúkasjenkó og stjórn hans sýndu slíkum viðræðum lítinn áhuga og beittu frekar valdi.

Lúkasjenkó hefur ekki sýnt á sér neitt farasnið og hefur snúið sér í austurátt og leitað stuðnings

Hjallabroaut 49



Einstök lóð fyrir tíu sérbyli á jaðri útivistarsvæðis við Víðistaðatún

Hafnarfjarðarbæ auglýsir eftir tilboðum í lóð á rótgrónum og fjölskylduvænum stað í norðurbæ Hafnarfjarðar. Á lóðinni er heimilt að byggja þrjú einbýlishús á einni hæð og tvö tveggja hæða raðhús, annað með þremur íbúðum og hitt með fjórum. Samtals tíu sérbyli í skjólsælli og aðlaðandi vistgötu. Stutt er í alla verslun, þjónustu og menningu. Staðsetningin er einstök, við norðvestur jaðar Víðistaðatúns sem er vinsælt svæði með fjölbreyttum möguleikum til útivistar.

Tilboðsfrestur er 6. ágúst 2021

Sótt er um lóð á Mínum síðum á hafnarfjordur.is. Búið er að marka lágmarksverð í lóðina sem er kr. 98.000.670. Tilboð undir lágmarksverði teljast ógild. Tilboð í lóð ásamt öllum fylgigögnum þurfa að berast fyrir kl. 13 föstudaginn 6. ágúst. Sama dag á sama tíma verða tilboðin opnuð í bæjarráðsal í Ráðhúsi Hafnarfjarðar.

Nánari upplýsingar á:
hafnarfjordur.is



Hafnarfjörður

KONUNGURINN REXTON

BESTU KAUPIN - FJÓRÐA ÁRIÐ Í RÖÐ

Rex þýðir konungur. Sá titill hæfir þessum jeppa fullkomlega, enda hefur eitt virtasta fagrit bílamarkaðarins, 4X4 Magazine, krýnt Rexton sem jeppa ársins, auk þess að sæma hann bestu kaupin, fjögur ár í röð. Nýr Rexton hefur allt til að bera, hann er búinn fjölda nýjunga og er fjórhjóladrifinn, 7 manna, lúxusjeppi – stolt eigenda sinna.



Til afhendingar strax.

Sjálfskiptur Rexton Premium: 8.490.000 kr.

Langtímaleiga: 189.600 kr. á mánuði*

ALVÖRU JEPPI

• KRAFTMEIRI • FLEIRI GÍRAR • LÆST AFTURDRIF • NÝ FJÖÐRUN

- Byggður á grind
- Læstur millikassi
- 5 ára ábyrgð
- Hátt og lágt drif
- 7 manna
- Sjálfstæð fjöðrun



*Innifalið í langtímaleigu: Þjónustuskóðanir, dekk og dekkjaskipti, bifreiðagjöld og tryggingar. Birt með fyrirvara um mynd- og textabrensl.

benni.is

BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR SSANGYONG



Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

1b bílar
Selfoss
Fossnes A
Sími: 480 8080

Bílaríkið
Akureyri
Lónsbakka
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

**Bílabúð
Benna**
— Sérfræðingar í bílum —

Allt til sölu



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Upp er risin deila milli landeigenda Hrauns á Reykjaneskaga og ferðaþjónustufyrirtækisins Norðurflugs út af lendingum við gosstöðvarnar.

Landeigendur segja það ólíðandi að land þeirra sé nýtt til lendingar án leyfis og án þess að þeir fái það sem þeir segja sanngjarnt og eðlilegt endurgjald.

Ferðaþjónustufyrirtækið á hinn bóginn segir að flug og lendingar á gróðursnaudum hábungum á Reykjanesi hafi ekki í för með sér tjón fyrir landeigendur. Þrátt fyrir það sé það tilbúið til að semja við landeigendur um sanngjarnt endurgjald af landinu.

Af þeim samningum hefur ekki orðið og gripu landeigendur til þess ráðs að leggja fyrir sýslumann kröfu um lögban við lendingum innan landamerkjara Hrauns. Sýslumaður varð við því í vikunni. Nú þurfa landeigendur að höfða staðfestingarmál fyrir héraðsdómi sem þá staðfestir eða hnekkir lögbaninu.

Í fyrstu kann þetta að virðast dæmigert þras um tittlingaskít sem engu máli skiptir, en þegar betur er að gáð þá varðar þetta mikilvæga hagsmunum sem snerta margfalt fleiri en þá sem hlut eiga að málinu.

Þarna takast á sjónarmið um grundvöll eignaréttarins og frelsisins til að njóta eigna sinna og svo réttur almennings til að njóta náttúru landsins. Vafalaust má tína fleira til.

Þegar gosið braust út í Geldingadölum kepptust menn við að lýsa því að ekki hefði verið hægt að finna heppilegri stað fyrir þau umbrot. Bæði væri það vegna fjarlægðar frá byggð og því að um lítt gróið land var að ræða þar sem nýtjar væru takmarkaðar. Og upp frá því hafa tugþúsundir þrammað upp að gosinu og opinberir aðilar staðið straum af kostnaði við gerð stíga til að lágmarka slyshættu og auðvelda gönguna. Landeigendur Hrauns hafa ekki lagt fé af mörkum við þær framkvæmdir. Þá hefur varnar- og leiðgördum verið ýtt upp til að hafa áhrif á hraunstrauminn.

Vera kann að landeigendur hafi verið spurðir leyfis í aðdraganda þess að ráðist var í þessar framkvæmdir og hafi svo verið er óvíst hver þeirra afstaða var. Alla vega hafa þeir opinberlega ekki amast við raskinu sem af þessu varð, sem er umtalsvert.

Það er því sérkennilegt að amast við lendingum þyrfa á malarhrygg sem veldur hverfandi raski.

Nú er óvíst hver verða afdrif þessa máls, hvort samið verði eða hverjar lyktir þess verða fyrir dómstólum. Óskandi er að það yrði flutt frammi fyrir dómara og niðurstaða fáiast um vægi hagsmunanna sem undir eru, þótt það ráðist af þeim sjónarmiðum og röksemdum sem teflt verður fram af hálfu aðila máls.


Landeigendur þurftu að þola að gjósa tók á landareign þeirra án þess að þeir fengju rönd við reist. Þeir þurfa líka að þola að fólk flykkist að þessu náttúru- undri jafnvel þó það komi fljúgandi.

Að reisa skorður við því er andstætt ákvæðum um almennarétt, útivist og umgengni í lögum um náttúruvernd. Að bera fyrir sig eignarétt á ónýttu landi getur varla rutt þeim hagsmunum úr vegi. ■

”

Í fyrstu kann þetta að virðast dæmigert þras um tittlingaskít sem engu máli skiptir.

ÞJÓÐIN ER AÐ HORFA Á HRINGBRAUT!



*Áhorfskönnun MMR - 26. nóv. - 4. des. 2020

Gunnar



Mín skoðun

Síminn og tíminn



Sif Sigmarsdóttir

Þegar þetta er skrifað situr fimm ára sonur minn við hliðina á mér. Það á að heita svo að ég sé með hann í heimakennslu. Hann er hins vegar að horfa á teiknimyndir í símanum mínum. Hér í Englandi þar sem við búum er nú einn af hverjum tuttugu grunnskólanemendum í sóttkví vegna Covid-smíta sem hafa komið upp í hólfi þeirra.

Breskt stjórnmálafólk virðist þó ekki eiga neitt af þessum börnum. Yfirvöld segjast hafa kveðið faraldurinn í kúttinn og lofa því að lifði komist í fyrra horfsíðar í mánuðinum þegar öllum sóttvarnareglum verður aflétt.

Orwellísk gjá milli upplifunar og orða sést víða hér í Bretlandi. Senn mega bresku leikhúsin sýna fyrir fullu húsi á ný. Í vikunni átti vinkona mín, sem er leikkona, að mæta til æfinga í fyrsta sinn í sextán mánuði svo að setja mætti upp nýtt verk. Áformin runnu hins vegar út í sandinn þegar helmingur leikhópsins fékk símtal frá enska rakningarteyminu um að þau þyrftu að fara í sóttkví.

Hver hefði trúað því að svona væri ástandið enn, ári eftir að fréttir bárust af því að bóluefni væri handan hornsins sem myndi leysa okkur úr þrisundinni?

Lögmál Hofstadters

Ég var spurð að því í vikunni hvar ég var stödd þegar ég heyrði fyrst fréttirnar af andláti Díönu prinsessu, sem hefði orðið sextug síðastliðinn fimmtudag. Fyrir tilviljun var ég í París hinn örlagaríka dag árið 1997, skammt frá þeim stað þar sem Diana lést. En þrátt fyrir nálægð við atburðinn frétti ég ekki af honum fyrr en næstum sólarhring síðar.

Hvernig má það vera?

Þegar Leó Tolstoj var fimmtíu og fimm ára fékk hann hugmynd að bók. Hann hugðist taka saman Viskudagatal, þar sem lesa mætti „eina viturlega hugleiðingu hvern dag ársins úr smiðju fremstu hugsuða mannkyns-

sögunnar.“ Tolstoj hefði varla getað órað fyrir að rannsóknarvinnan fyrir bókina tæki fimmtán ár og hann hæfi ekki skriffin fyrr en á áttræðisaldri, þá veikur og drifinn áfram af hugleiðingum um tilgang lífs og dauða.

Fyrsta útgáfa Viskudagatalsins kom út í Rússlandi árið 1904. Í huga Tolstoj var verkinu þó hvergi nærri lokið. Árið 1905 ritaði hann í dagbók sína: „Ég er búinn að breyta dagatalinu og bæta við það; er það nú tvisvar sinnum lengra. Í heila tvo mánuði hef ég ekki lesið nokkuð annað, hvorki dagblöð né tímarit, og mér liður einstaklega vel eftir það.”

Í dag kæmst fáir upp með að lesa ekki fréttir í tvo mánuði. Að sama skapi kæmst fáir hjá því að heyra af andláti stórstjórnu um leið og greint væri frá því. En þegar Diana prinsessa lést voru enn tíu ár í fyrsta iPhoneinn, símann sem markaði upphaf snjallsíma- væðingarinnar og varð til þess að við erum nú öll með fréttirnar í beinni í vasanum.

Fortíð þar sem fréttir gátu farið fram hjá manni virðist órafjarri. Samband snjallsímans og tímans fangar hins vegar eina mestu mótsögn tilverunnar.

Til er lögmál sem kallast lögmál Hofstadters og kveður á um að allt sem við tökum okkur fyrir hendur tekur lengri tíma en við reiknum með, hvort sem það er að skrifa bók, koma okkur í form, klára verkefni í vinnunni eða gera upp eldhúsið. En þar með er ekki öll sagan sögð.

Ef Tolstoj væri uppi í dag hefði eftirfarandi spakmæli vafalaust ratað í Viskudagatalið: „Við ofmetum alltaf hversu miklar breytingar munu eiga sér stað á næstu tveimur árum og vanmetum alltaf breytingarnar sem munu eiga sér stað á næstu tíu,” er haft eftir Bill Gates.

Til skamms tíma litið vanmetum við hversu lengi við verðum að koma veröldinni í samt lag í kjölfar Covid. Vonir eru hins vegar um að til lengri tíma litið muni hlutirnir breytast hraðar en okkur órar fyrir. ■

KRONAN

Mmm ...

Hvernig hljómar djammborgari á grillinu?



KVEIKJUN Á SUMRINU



Brisket borgarar 2x 140 g

1299 kr. pk.



Lambhaga salat

320 kr. stk.

Tómatar í lausu, íslenskir

399 kr. kg



Fabrikku borgarar 2 x 130g

699 kr. pk.



Krónu krydd

399 kr. stk.



Fabrikkan Sörusósa

699 kr. stk.



Cheddar hamborgaraostur

649 kr. pk.



Hamborgarar 4 stk með brauði

998 kr. pk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

UMBRIA
tungusófi XL

181.993 kr. ~~259.990 kr.~~



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

CLEVELAND
hornsófi

159.992 kr. ~~199.990 kr.~~



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

BRIGHTON
Borðstofustóll

13.592 kr. ~~16.990 kr.~~



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

LUTON
Borðstofustóll

14.392 kr. ~~17.990 kr.~~



ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR AF SETTUM

3+2,5+1 eða 3-1-1
eða 2,5+1+1

EDE

3ja og 2,5 sæta sófar og hægindastóll í koníaksbrúnu áklæði. Verðdæmi 2,5+1+1
Fætur úr bogadregnu, svörtu járn. Glæsileg, tímalaus hönnun. 307.479 kr. ~~409.940 kr.~~

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

MADISON
Hægindastóll.

39.992 kr. ~~49.990 kr.~~



ÚTSALA
40%
AFSLÁTTUR

MODENA
Barstóll

19.794 kr. ~~32.990 kr.~~



ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

RICHMOND
Skenkur

83.993 kr. ~~119.990 kr.~~



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

TIMEOUT
hægindastóll og skammel

Hægindastóll
263.992 kr. ~~329.990 kr.~~

Skammel
63.992 kr. ~~79.990 kr.~~



ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR

MIRAMAS
Glerskápur/svart birki 84.995 kr. ~~169.990 kr.~~

Húsgögn og smávörur í garðinn og sumarbystaðinn – mikið úrval og gott verð!



BERMUDA
Garðhúsgagnasett.
Heildarverð:
109.990 kr. ~~159.990 kr.~~

ÚTSALA
31%
AFSLÁTTUR



BALI
Garðhúsgagnasett. Hornsófi og borð.
Heildarverð:
89.990 kr. ~~139.990 kr.~~

ÚTSALA
36%
AFSLÁTTUR

Brafab

ASHFIELD OG STOCKHOLM línurnar frá Brafab eru með álgrind og sérlega endingargóðu fléttuefni. Fyrsta flokks svampur í sessum og bakpulum og með endingargóðu Olefin áklæði.



ASHFIELD
3ja sæta sófi
Stærð: 186 x 82 x 93 cm
112.590 kr.
149.990 kr.

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR

ASHFIELD
Stíllanlegur hægindastóll
Stærð: 74 x 74 x 102 cm
54.990 kr. ~~72.990 kr.~~



ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR



ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR

ASHFIELD
Sófaborð með reyklituðu gleri
Stærð: 80 x 80 x 69 cm
37.590 kr. ~~49.990 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.
Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 11. júlí 2021,
eða á meðan birgðir endast.

SUMAR ÚTSALA



Allt að **50%** afsláttur



ÚTSALA
32%
AFSLÁTTUR

FRIDAY
Rúmgóður hornsófi í vönduðu, dökkgráu Bari áklæði. Með breiðan arm sem er sléttur að ofan og hentar mjög vel undir t.d. armborð eða bakka. Sethæðin er um 47 cm. Góður sófi á frábæru tilboði. Stærð: 256 x 175 x 91 cm

197.492 kr. -289.990 kr.

Brafab



STOCKHOLM
Hornsófi 2H2. Stærð: 252 x 252 x 80 cm **202.500 kr. -269.990 kr.**

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR



STOCKHOLM
Hægindastóll
45.000 kr. -59.990 kr.



MEDUSA
Kampavinsglas **1.692 kr. -1.990 kr.**

*Fallegur borðbúnaður
- tilvalinn í útileguna
eða út á pallinn!*

MEDUSA
15%
KYNNINGAR
AFSLÁTTUR



MEDUSA
Skál 14,5 cm **1.267 kr. -1.490 kr.**



Serena átti erfitt með að halda aftur af tilfinningunum þegar hún gekk af velli á Wimbledon í vikunni, undir standandi lófataki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Óvissa ríkir um næstu skref Serenu Williams

Óvíst er um framhaldið hjá einni bestu íþróttakonu heims undanfarna áratugi, Serenu Williams, eftir nýjustu meiðsli hennar. Boris Becker gaf til kynna að ferlinum gæti verið lokið, en Serena hefur verið í sérflokk í tvo áratugi.

kristinnpall@frettabladid.is

TENNIS Ein besta íþróttakona heims undanfarna tvo áratugi, Serena Williams, átti erfitt með að ráða við tilfinningarnar þegar hún gekk meidd af velli á Wimbledon-mótinu í vikunni. Serena, sem fagnar ferfugsafmæli sínu í haust, þurfti að hætta keppni í fyrstu umferð eftir að hafa meiðst í leik sínum gegn Alexandra Sasnovitsj. Óvíst er hvernær eða jafnvel hvort Serena snúi aftur inn á völinn en í aðdraganda

Wimbledon gaf Serena það út að hún myndi ekki taka þátt á ÓL.

Undanfarna tvo áratugi hefur Serena verið í sérflokk í sinni grein og sú íþróttamanneskja sem hefur verið með hvað mesta yfirburði í nokkurri íþróttgrein á heimsvísu. Fyrsti risatillinn kom árið 1999, en á tuttugu árum hefur hún leikið til úrslita á 28 risamótum og unnið 23 titla. Serenu vantar einn titil til viðbótar til að jafna met hinnar áströlsku Margaret Court, frá sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar, en óvíst er hvort Serena haldi áfram að eltast við met Court, fjórum árum eftir síðasta risatitil.

Um leið hefur hún á ákveðinn hátt rutt veginn í tekjuöflun íþróttakvenna og á stóran hlut í því að stærstu tennisstjórnur heims í kvennaflokk eru sér á báti á heimsvísu þegar kemur að tekju-



Heildarverðlaunaféð sem Serena hefur unnið sér inn á ferlinum er 94 milljónir dala, tvöfalt meira en nokkur önnur kona.

öflun íþróttakvenna. Naomi Osaka og Serena voru einu konurnar sem komust á lista fjármálatímaritsins Forbes yfir hundrað tekjuhæstu íþróttamanneskjur heims á síðasta ári.

Boris Becker, þýska tennisgoðsögnin, sagði í samtali við BBC eftir leikinn að þetta gæti hafa verið í síðasta skiptið sem Serena myndi keppa á risamóti. „Það síðasta sem meistari eins og Serena vill gera er að þurfa að gefa leikinn á sínum upphaldsvelli. Hún getur varla gengið eðlilega lengur og við þurfum jafnvel að setta okkur við að þetta hafi verið hennar síðasti leikur. Hún er komin yfir þritugt og hefur glímt við meiðsli um árabíl. Staðreyndin er sú að tíminn gefur engum afslátt, hvorki konum né körlum,“ sagði Becker hreinskilinn og tók undir orð Serenu og ann-

arra um áhyggjur af aðstæðum á Wimbledon þetta árið.

„Það er ekki svo að það sé komið á hreint að hún sé að hætta, hún hefur ekkert gefið út um það, en það er ekkert leyndarmál að það verður sífellt erfiðara með árunum að ná sér af meiðslum,“ segir Carola M. Frank, landsliðsþjálfari í tennis, sem lék um tíma á atvinnumannamótaröð kvenna í tennis (e. WTA).

„Hún hefur verið að eltast við þetta met hennar Court. Það er orðið mun erfiðara líkamlega að vinna þessi mót en þegar Court var upp á sitt besta. Það sást augljóslega á henni hvað þetta skipti hana miklu,“ segir Carola, sem segir Serenu fyrirmynd að öllu leyti.

„Þessi íþrótt er mjög krefjandi, líkamlega og andlega, en hún er ótrúleg flott fyrirmynd og það verður aldrei tekið af henni.“ ■

Áfangasigur í uppbyggingu KA svæðisins

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti deiliskipulagsbreytingu fyrir ráðið í vikunni, en samkvæmt því eru talsverðar breytingar fram undan á svæðinu. Áætlað er að leggja grasvöll og tvo gervigrasvelli, þar af einn þeirra við nýja stúku sem er með möguleikanum á tengibyggingu að íþróttahúsi félagsins. „Þetta er ákveðinn áfangasigur fyrir félagið og skref tvö í átt að markmiðum okkar. Næsta skref er að setjast niður með bænum og setja á blað þá uppbyggingu sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir,“ segir Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA, glæðbeittur, þegar hann var spurður út í samþykkið. „Að það sé komið deiliskipulag til næstu ára sem er í takt við okkar áhorf gerir okkur kleift að fara í viðræður um uppbyggingu svæðisins. Þetta eru mjög jákvæð tíðindi.“



Þetta er ákveðinn áfangasigur fyrir félagið og skref tvö í átt að markmiðum okkar.

Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA.

Með því færast KA nær því að hefja framkvæmdir á félagssvæði sínu í von um að félagið fái langtímalausn fyrir knattspyrnudeild félagsins. Þegar tímabilið er að verða hálfnað hjá meistaraflokk félagsins í karlaflokk, hefur KA ekki enn leikið á Greifavelli sem telst heima-völlur félagsins, en þess í stað hafa Akureyringar leikið á gervigrasvelli-



N1-mótið stendur yfir á KA-svæðinu þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

inum á Dalvík. „Þetta verður alveg gríðarleg breyting fyrir starf félagsins. Iðkendafjöldi í knattspyrnudeildinni hefur stórukaust á stuttum tíma og bærinn vinnur að uppbyggingu á tveimur nýjum hverfum sem koma til okkar þannig að það var löngu ljóst að núverandi aðstaða var sprungin. Þetta gerbreytir um leið ásjáð félagsins, að við getum haft þá á okkar svæði en ekki í bænum,“ segir Sævar og heldur áfram:

„Þetta er fyrir vikið rökrétt næsta skrefmiðað við það starf sem unnið hefur verið hjá félaginu undanfarnar ár. Það hafa miklar framfarir átt sér stað í utanumhaldi og umgjörð knattspyrnudeildarinnar á undanförunum árum en aðstaðan hefur um leið ekki staðist kröfurnar,“ segir Sævar og bætir við að þetta auðveldi um leið utanumhald KA við viðburði á borð við N1-mótið sem stendur yfir þessa dagana þar sem rúmlega 2100 ungrir knattspyrnumenn leika listir sínar. ■

Sigurstranglegur spretthlaupari situr eftir vegna kannabissýnis í úrtökumóti Bandaríkjanna

kristinnpall@frettabladid.is

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Það verður ekkert úr því að að Sha'Carri Richardson, spretthlaupari frá Bandaríkjunum, fái að keppa á Ólympíuleikunum í Tókýó. Richardson var í gær dæmd í eins mánaðar bann eftir að kannabis fannst í lyfjaprófi hjá henni eftir úrtökumót Bandaríkjanna fyrir Ólympíuleikana. Richardson kom fyrst í mark í úrtökumóti á 10,86 sekúndum en þau úrslit voru dæmd ögil.

Árangur Richardson í úrtökumóti gerði það að verkum að vonir stóðu til þess hún gæti orðið fyrst bandarískra kvenna til að vinna til gullverðlauna í hundrad metra spretthlaupi í 25 ár. Á síðustu Ólympíuleikum hefur sigurvegarninn yfirleitt verið að hlaupa á um 10,7 sekúndum. Besti tími Richardson á þessu ári 10,72 sekúndur.

Samkvæmt reglum Alþjóðalyfjæftirlitsins getur fall á lyfjaprófi vegna kannabiseftirbrotar orðið að eins mánaðar til fjögurra ára banni. Á

sama tíma er kannabis löglegt í átján fylkjum Bandaríkjanna og stærstu deildirnar Vestanhafs hafa verið að slaka á reglum þegar kemur að kannabiseftirbrotum í lyfjæftirliti.

„Kannabis er enn þá á svölitið gráu svæði, því það hefur verið álitamál lengi hvort það falli jafn vel undir sömu skilgreiningu og viðmið og mörg önnur bönnuð efni. Þetta hefur þokast í þá átt að refsiramminn fyrir brot hefur verið að minnka í ljósi þess að þetta er ekki hormónalyf sem hefur lang-



Richardson sem er 21 árs gæti keppt á Ólympíuleikunum í París árið 2024.

tímaáhrif á árangur og er komið í almenna sölu víða. Einnig er alltaf hætta á að íþróttafólk geti með því mælt jákvætt í lyfjaprófi, þrátt fyrir að ásetningurinn um brot hafi verið lítill eða enginn,“ segir Birgir Sværissón, framkvæmdastjóri Lyfjæftirlits Íslands, aðspurður út í málið.

„Kannabis er enn á bannlista í keppni í íþróttum ef umfram eithvað ákveðið magn mælist, rétt eins og koffín var um tíma á bannlista ef umfram eithvað ákveðið magn mældist í sýni,“ segir Birgir. ■



Toni Kroos vissi eftir Englandssleikinn að landsliðsferlinum væri lokið.

Kroos kemur ekki til Íslands í haust

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Toni Kroos, miðjumaður Real Madrid, tilkynnti í gær að 106. landsleikur hans fyrir hönd Þýskalands gegn Englandi á Evrópumótiinu í knattspyrnu hefði verið hans síðasti fyrir þýska landsliðið. Hann mun því ekki gefa kost á sér í fyrsta landsliðsverkefni Þjóðverja undir stjórn Hansi Flick síðar á þessu ári, þegar Þjóðverjar koma í heimsókn í Laugardalinn.

Kroos sem lék í ellefu ár með þýska landsliðinu og fór á sjö stórmót, er sjöundi leikjahæsti leikmaður þýska landsliðsins frá upphafi ásamt Thomas Müller. Hann var í lykilhlutverki þegar Þjóðverjar urðu heimsmeistarar árið 2014 og var í kjölfarið tilnefndur sem einn af bestu leikmönnum mótsins.

Í yfirlýsingunni sem Kroos sendi frá sér gaf hann út að hann hefði verið búinn að ákveða fyrir löngu að EM 2020 yrði hans síðasta mót. ■

Erfið leið Vals í Meistaradeildina

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Valskonur fengu afar erfiða andstæðinga í undankeppni Meistaradeildar Evrópu, en til þess að komast á næsta stig keppinnar þarf Valur að hafa betur gegn þriðja besta liði Þýskalands, Hoffenheim, og AC Milan. Íslandsmeistarar Breiðabliks fengu talsvert greiðari leið og geta leyft sér að eygja sæti á seinna stigi undankeppinnar.

Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland er með tvö lið í undankeppninni en henni er skipt í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er um fjögurra liða mót að ræða þar sem eitt lið fer áfram á næsta stig.

Valur mætir Hoffenheim, sem er að hefja níunda tímabil sitt í röð í efstu deild þýska boltans, en félagið hefur undanfarin tvö ár lent í þriðja sæti deildarinnar á eftir Bayern München og Wolfsburg. Takist Val að vinna þýska félagið verður næsta viðureign gegn Zürich frá Sviss eða AC Milan sem Guðný Árnadóttir leikur með.

Breiðablik mætir færeyska liðinu Klaksvík en takist Blikum að sigra Færeyingana biður þeirra einvígi gegn Gintra frá Litháen eða Flora Tallin frá Eistlandi. ■

Á kynningarverði í júlí:

Ný þvottavél og nýr þurrkari frá Siemens



A
G C

10 ára ábyrgð á iQdrive mótornum.

9 kg
Tekur mest

15 mín.
hraðkerfi

SIEMENS

Þvottavél, iQ500
WU 14UTL9DN

Ný 9 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótur með 10 ára ábyrgð. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta.

Kynningarverð:

114.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.



A++

SIEMENS

Þurrkari, iQ500
WT 45WTA8DN

Nýr 9 kg þurrkari með íslensku stjórnborði. Sjálfhreinsandi rakapéttr. Rafeindastýrð rakaskynjun. Sérkerfi: Blandaður þvottur, ull, útifatnaður, handklæði, tímastillt kerfi, hraðkerfi 40 mín., undirfatnaður og skyrtur.

Kynningarverð:

114.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

5 ÁRA *****
ÁBYRGÐ

Gildir til og með 31. júlí 2021 eða á meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Listahátíðin Reykjavík Fringe hefst í dag og stendur yfir til 11. júlí. Fréttablaðið hafði uppi á nokkrum jaðarsettum listamönnum sem koma fram á hátíðinni og tók á þeim púlsinn.

Tilvistarkreppa og töfrakakó

„Ég hef mætt á þessa hátíð oft áður og mér hefur alltaf þótt þetta verið frábær viðbót í menningarlífið á Íslandi,“ segir kvikmyndagerðakonan og grínistinn Lovísa Lára, sem verður með tvö uppstandssett á Reykjavík Fringe.

Í sýningunni Lovisa Battlefield tekur Lovísa á mjög erfiðu ári í lífi sínu og segir frá því hvernig hún hefur reynt að finna hómorinn í því. Ég missti mömmu mína 2011 og pabbi minn fór í janúar 2020. Þannig að árið fór í að reyna að heila mig andlega og aðlagast því að verða fullorðinn munaðarleysingi. Ég prufaði kristalla, töfrakakó ayahuasca og í raun allt annað en faglega aðstoð, sem að hafði með sér í för mikið af sprenglægleigum atvikum. Sýninguna Identity Crisis vinnur hún í samstarfi við uppstandarana Dan Nava og Regn Sólmundi þar sem þau taka meðal annars á geðheilsu, kynhneigð, innflytjendum og tilvistarkreppu.

„Við hittumst fyrir nokkrum árum síðan þar sem við vorum að koma vikulega fram á Gauknum á uppstandskvöldum, sem miðuð voru að konum og queer fólki,“ segir Lovísa. „Við tókum eftir því þegar við vorum að vinna í settunum okkar að það væru ýmis svipuð þemu hjá okkur, einna helst þessi tilvistarkreppa – að átta sig ekki alveg á því hver maður er. Við ákváðum þess vegna að vinna þetta saman.“

Uppstandssenán á Íslandi hefur verið að ranka við sér eftir faraldurinn og Lovísa segist spennast fyrir þeim sýningum sem boðið verður upp á á Reykjavík Fringe. „Maðurinn minn verður með sett sem heitir Awkwardly confident, svo ég er auðvitað spennast að sjá hann,“ segir hún. „Þar fyrir utan langar mig líka að sjá What Would Kimi Do?, Making Peace, Lolly's book og sýninguna hjá Söru Rut í Tjarnarbíói.“

Troðið upp fyrir kindur

„Við vorum að vinna saman í Færeyjum fyrir nokkrum árum þegar hugmyndin kom upp,“ segir tónlistarkonan Hafðís Bjarnadóttir, sem mun ásamt dúóinu Passepartout Duo troða upp á tónleikum fyrir kindur á Árbæjarsafni. „Í Færeyjum eru kindur bókstaflega alls staðar og finnast jafnvel í bakgördum hjá fólki. Rétt eins og á Íslandi eru þar fleiri kindur en fólk og okkur datt í hug að setja upp tónleika miðaða að þeim.“

Passepartout Duo samanstendur af Bandaríkjamanninum Christopher Salvito og hinni ítölsku Nicoletta Favari. „Þau spila á alls konar hljóðfæri og það er ansi magnað að þau ferðast með allt í handfarangri,“ segir Hafðís. „Lítið batterí, en ansi öflugt.“

Aðspurð um hvers konar tónlist kindur sæki í segir Hafðís að þær forðist óþægileg og skyndileg hljóð. „Þær elska hljóðið í graskögglum í fötum, sem hefur kannski eitthvað að segja með að þær vilji éta þá,“ segir hún hlæjandi. „Þær elska mjúk og mild hljóð og að ná tengingu við flytjendurna.“

Hafðís hefur ekki komið fram á hátíðinni áður en segist spennast að taka þátt. „Það er mikið í gangi þarna sem maður sér ekki annars staðar,“ segir hún. „Þau eru svo opin fyrir óbeislaðri sköpunargleði og að framkvæma hina ótrúlegustu hluti.“

Að lokum vekur Hafðís athygli á því að þríeykið mun halda í kindatónleikaferðalag út á land í sumar,



Hafðís Bjarnadóttir og Passepartout dúóið verða með tónleika fyrir kindur á Árbæjarsafninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Lovísa Lára vonast til að uppstandssenán á Íslandi fari að ranka við sér, en hún skemmtir áhorfendum í tveimur settum á hátíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Almar Blær Sigurjónsson er hluti af leikhópnum Kex sem flytur einleikinn Nokkur orð um mig í Tjarnarbíói. Djúpar þælingar tæklaðar af glettni.

Jaðrinum fagnað



Arnar Tomas Valgeirsson
arnartomas
@frettabladid.is

þar sem hún hvetur áhugasama til að smalast saman.

Þælingar hvíts karlmanns

„Þetta var upphaflega skólaverkefni sem tók síðan á sig stærra mynd,“ segir Almar Blær Sigurjónsson, sem hluti af leikhópnum Kex, mun flytja einleikinn Nokkur orð um mig í Tjarnarbíói. Leikhópurinn er einnig þekktur sem AABA og dregur nafn sitt á upphafsstöfum meðlima hópsins.

„Þetta fjallar í grófum dráttum um ungan, hvítan karlmann sem deilir sinni sögu með áhorfendum og veltir fyrir sér tilvistarlegum spurningum og því hvernig hann hefur lifað lífinu í þessu samfélagi sem er svona hratt og mikil krafa um framleiðni,“ segir Almar. „Síðan koma dýpri spurningar þarna inn í eins og ábyrgð og ábyrgðarleysi og annað slíkt.“

Almar segir þó að verkið sé ekki of þungt. „Þetta er mjög fyndið, eða mér finnst það allavega! Mikið af textanum varð til í spuna úti á gólfi svo hann er mjög lífrænn og oft á tíðum mjög skemmtilegur.“



Það er mikið í gangi þarna sem maður sér ekki annars staðar. Þau eru svo opin fyrir óbeislaðri sköpunargleði og að framkvæma hinu ótrúlegustu hluti.

Hafðís Bjarnadóttir.

Almar segir að leikhópurinn sé bæði glaður og þakklátur að hafa komist inn á hátíðina. „Við fengum líka inn á Fringe hátíðina í Finnlandi,“ segir hann. „Þetta opnar strax heiminn fyrir okkur. Þarna eru listamenn alls staðar að og vonandi áhorfendur líka. Það er ótrúlega spennandi.“ ■



Hvað er Fringe?

Fringe-hátíðin er haldin árlega víða um heim og á rætur sínar að rekja til Edinborgarhátíðarinnar 1947. Þar mættu átta leikfélög óboðin til að koma fram, en þar sem allir helstu staðir borgarinnar voru bókaðir fyrir opinberu hátíðina, voru viðburðir þessarar jaðarhátíðar settir upp á smærri stöðum.

Þetta er í fjórða skipti sem hátíðin er haldin hér á landi og hefur hún vaxið hér á landi eins og annars staðar í heiminum. Í ár verða 70 atriði á hátíðinni, 55 íslensk og 15 erlend. Þar kennir margra grasa og verður meðal annars boðið upp á kabarett, hjólaskautadiskó, veggjalist og margt fleira. Dagskrána í heild má finna á rvkfringe.is

Jeep | 4xe

KYNNUM NÝJAN JEEP®

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF



5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐU

PLUG-IN HYBRID

*NÝ HÖNNUN, NÝ INNRÉTTING, NÝ TÆKNI, NÝR ÖRYGGISBÚNAÐUR



VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI

6.399.000 KR.*

*SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.562.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á JEEP.IS

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

Alexandra Helga Ívarsdóttir og eiginmaður hennar, knattspyrnumaðurinn **Gylfi Þór Sigurðsson**, eignuðust á dögnum dótturina Melrós Míu. Frumburðarinn var beðið í fimm ár og ákvað Alexandra að opna sig um baráttuna við ófrjósemi til að veita öðrum í sömu stöðu von og styrk.

Þrútt fyrir ungan aldur hafa þau Alexandra og Gylfi verið þar í rúman áratug og gengu í hjónaband árið 2019, eftir níu ára samband.

„Við kynnumst haustið 2010 í gegnum frænku mína og frænda,“ segir Alexandra, aðspurð um upphaf sambandsins. „Hann bjó þá í Þýskalandi og við töluðum saman klukkustundunum saman á spjallforritinu MSN.“ Það var svo á Þorláksmessu sama ár sem þau hittust í fyrsta sinn og þá var ekki aftur snúið að sögn Alexöndru. „Fyrstu sex mánuðina vorum við þó í fjar sambandi, þar sem ég hafði ráðið mig til vinnu hjá flugfélaginu Emirates í Dubai og hann var að spila í Þýskalandi. Ég flutti svo út til hans sumarið 2011 og síðan þá höfum við átt heimili á fjórum stöðum,“ útskýrir Alexandra, en fjölskyldan býr nú í Liverpool þar sem Gylfi leikur með Everton.

Það vakti athygli undir lok síðasta árs þegar Alexandra birti mynd á samskiptamiðlinum Instagram þar sem hún er með yfir 20 þúsund fylgjendur og sagði frá því að þau hjón ættu von á sínu fyrsta barni. Hún bætti þó um betur og opnaði sig um að biðin eftir barni hefði varað í fimm ár, parið sem barist hefði við ófrjósemi hefði loks verið bænheyrð.

Maður upplifir sig hálf gallaðan

Hjónin fengu fréttirnar um að líklega yrði ekki auðvelt fyrir þau að eignast barn þegar þau voru aðeins 26 ára gömul og segir Alexandra það hafa verið ótrúlega skritið að heyra þær.

„Maður upplifir sig hálf gallaðan, þegar þetta er eitthvað sem flestir í kringum mann hafa ekki þurft að hafa mikið fyrir. Þegar maður byrjar svo að reyna að eignast barn gengur maður að sjálfsgöðu út frá því að allt gangi vel, þar til annað kemur í ljós.“

Alexandra lýsir því sem miklum vonbrigðum í hvert sinn sem tíðahringurinn hófst að nýju, enda hafi vonin verið sterk og hausinn alltaf kominn dálítið lengra fram í tímann.

Þetta var ákveðið sjokk

„Við leituðum fyrst til læknis eftir að hafa reynt í sirka ár og fengum þá þær fréttir að líklegast yrði ekki auðvelt fyrir okkur að eignast barn. Við vorum rúmlega 26 ára og lifðum mjög heilsusamlegu lífi og erum bæði hraust, svo þetta var ákveðið sjokk.“

Úr varð að reyna glasameðferð og var sú fyrsta reynd árið 2016 án árangurs og segir Alexandra þá neikvæðu útkomu hafa reynst sér virkilega erfiða.

„Ég var svo spennt að vera komin í einhvers konar ferli og fá loksins hjálpinu sem þurfti og hélt svo innilega að þá myndi allt ganga upp. Ég þurfti að hafa mikið fyrir því að koma mér aftur í gang eftir það,“ segir Alexandra, sem á sama tíma var að glíma við mikla króníska bakverki. „Blandan af þessu tvennu var mjög erfið andlega og líkamlega.“

Hún lýsir því að eftir einhvern tíma sem að sjálfsgöðu sé mislangur á milli para, komi aftur upp löngunin til að reyna við meðferð og þá sé farið í undirbúning og að skoða kostina sem í boði eru.

„Í hvert skipti sem eitthvað nýtt er reynt þá hækkar vonarstigið. Fallið og vonbrigðin verða því oft aðeins hærri með hverju skiptinu sem maður fær neikvæða útkomu. Við ákváðum til dæmis að taka okkur árs pásu frá öllu tengdu þessu fyrir



Draumabarnið Melrós Mía hvílir vær í fangi móður sinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Mikilvægt að missa ekki trúna



Björk
Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

brúðkaupið, þar sem við vildum einbeita okkur að gleðinni sem fylgdi því að plana það. Ég held að það hafi verið mjög hollt fyrir okkur bæði og sambandið að taka þetta aðeins út af borðinu í smá tíma og njóta lífsins,“ segir Alexandra, en þau hjónin giftu sig með pomp og prakt við Como vatn á Ítalíu fyrir tveimur árum síðan.

Ófrjósemis herbúðir

„Haustið eftir að við giftum okkur, eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir, fundum við klíník í London sem okkur leist vel á. Það haust hófst mikill undirbúningur hjá mér í formi lyfjagjafar, til þess að reyna að finnstilla ákveðin gildi í líkamanum og undirbúa mig fyrir meðferðina,“ útskýrir hún.

Það var svo í janúar 2020 sem meðferðin hófst fyrir alvöru og segir Alexandra í léttum tón að í raun megi líkja henni við „infertility bootcamp“ eða „ófrjósemis herbúðir.“

„Ég þurfti að dvelja í London í nokkrar vikur þar sem eftirlitið hjá þeim var mikið. Sú meðferð gekk

hins vegar ekki upp og áfallið var mikið,“ útskýrir hún alvarleg.

„Mér fannst ég hafa lagt gjör samlega allt undir, bæði líkamlega og andlega og hélt að með aukinni hjálp myndi þetta kannski loksins ganga upp. Ég fann þó fyrir einhverjum auknum krafti og ákvað að drífa mig mánuði seinna í næstu meðferð. Eftir stöðugar ferðir fram og til baka frá London skall Covid á og því miður varð að hætta meðferð þegar henni var nánast lokið.“

„Ég var gjör samlega búin á því og ákvað að einbeita mér að því að styrkja mig andlega og líkamlega þar til kæmi í ljós hvenær við gætum haldið áfram.“ Hjónin héldu heim til Íslands um sumarið eftir langt útgöngubann í Bretlandi og Alexandra hafði hafið undirbúning fyrir næstu meðferð, sem átti að hefjast í ágúst.

Hlustaði á innsæið

„Þegar heim var komið leið mér einstaklega vel og innsæið sagði mér að fresta meðferðinni um mánuð og framlengja ferðina mína heima. Sem betur fer, því í lok ágúst komst

ég óvænt að því að ég væri ófrísk.“

Alexandra segir þau hjón snemma hafa vitað að þau langaði að verða foreldrar saman og ófrjósemin hafi reynst henni ótrúlega erfið andlega.

„Ég leitaði mér hjálpar eftir að hafa verið lengi í þessu ferli. Það fylgja þessu alls konar erfiðar tilfinningar. Eftir mikla sjálfsvinnu og hjálp frá fagaðilum sem ég er innilega þakklát fyrir að hafa fengið, ákvað ég að reyna að líta á þetta ferli sem andlega vegferð. Ég hef þroskast ótrúlega mikið og kynnst sjálfri mér vel eftir þessa upplifun,“ útskýrir hún.

„Ófrjósemi er mikill tilfinningarússibani og getur oft á tíðum verið einmana staður að vera á. Ég upplifði mig stundum svolítið einmana í sorginni sem fylgdi þessu, enda ekki margir í kringum mann sem skilja líðanina sem fylgir þessu.“ Alexandra viðurkennir að hafa verið frekar lokuð um erfiðleikana í upphafi og ekki talað mikið um þá. „Mér fannst það ákveðinn léttir þegar við sögðum fólkinu í kringum okkur frá stöðunni. Það er erfitt að vera stanslaust að fá spurningar



Í hvert skipti sem eitthvað nýtt er reynt þá hækkar vonarstigið. Fallið og vonbrigðin verða því oft aðeins hærri með hverju skiptinu sem maður fær neikvæða útkomu.



Mér fannst það ákveðinn léttir þegar við sögðum fólkinu í kringum okkur frá stöðunni. Það er erfitt að vera stanslaust að fá spurningar um barn-eignir þegar þú þráir ekkert heitar en að eignast barn og hefur reynt allt til að uppfylla þann draum.

um barneignir þegar þú þráir ekkert heitar en að eignast barn og hefur reynt allt til að uppfylla þann draum," segir hún einlæg.

Viss um að hún yrði mamma

En þrátt fyrir mótlætið kom uppgjöf aldrei upp í hugann. „Ég hef alltaf verið viss um að ég yrði mamma einn daginn, en ég vissi ekki hvaða veg ég yrði að ganga til þess að það yrði að veruleika.“

Aðspurð segir Alexandra góðan stuðning frá maka öllu skipta í slíku ferli og mikilvægt sé að hlúa vel hvort að öðru. „Ég kynntist yndislegu fagfólki á þessum tíma sem hjálpaði mér í gegnum erfiðustu tímabilin og aðstoðaði mig við að byggja mig upp aftur. Mér fannst líka gott að hlusta á hláðvarpsþætti tengda málefnum, þar sem fólk sagði frá sinni upplifun og sjá umræðu í fjölmiðlum frá fólki í svipadri stöðu.“

Erfitt að þjáist í þögn

Hún segir umræðu um ófrjósemi mikilvæga enda þjáist margir í þögn eins og hún sjálf gerði í upphafi. „Það er alltaf gott þegar fólk upnar á umræðuna og fær stuðning utan frá. Það er mjög erfitt að fara í gegnum svona erfitt verkefni í þögninni því þetta tekur gífurlega á andlega.“

Eftir að Alexandra sagði frá erfiðleikum þeirra hjóna á Instagram, segir hún fólk hafa haft beint samband og þakkað henni fyrir að opna á umræðuna og það hafi henni þótt vænt um.

„Ástæðan fyrir því að mig langaði að tala um þetta opinberlega var til þess að vonandi veita einhverjum í þessari stöðu von og styrk til að halda áfram sinni vegferð. Það er svo mikilvægt að missa ekki trúna.“

Þorði ekki að trúá prófinu

Eins og fyrr segir komst Alexandra að því í lok ágúst á síðasta ári að hún væri, öllum að óvörum, ófrísk.

„Það var ótrúlega skrítið að sjá óvænt jákvætt ólettupróf í fyrsta skipti eftir öll þessi ár. Ég þorði ekki að trúá þessu fyrr en ég fékk þetta staðfest í blóðprufu. Maður heyrir oft svona sögur þar sem fólk er buið að reyna lengi og svo gengur það upp náttúrulega að lokum, en maður heldur aldrei að það muni gerast fyrir mann sjálfan.“

Meðgangan gekk vel þó Alexandra hafi fundið fyrir ógleði alveg fram á síðasta dag, sem hún viðurkennir að hafi verið strembið. „En annars var ég hraust og allt annað gekk vel, sem ég var mjög þakklát fyrir.“

Sannkölluð forréttindi

Melrós Mía kom í heiminn í Bretlandi þann 5.maí síðastliðinn og segir Alexandra fæðinguna hafa gengið eins og í sögu.

„Við vorum ótrúlega heppin með fyrsta barn hvað allt gekk vel. Ég átti hana í svokölluðu „birth centre,“ eða



Alexandra og Gylfi með Melrós Miu á skírnardaginn hennar sem fagnað var með vinum og fjölskyldu. Mynd/Aðsend



Hjónin á brúðkaupsdaginn með hundinn sinn, Koby.

MYND/LUCAS&CO



Ástfangin við Como vatn á Ítalíu.

MYND/LUCAS&CO



Sannarlega glæsileg verðandi móðir.

MYND/SAGA SIG



Alexandra og Gylfi gerðu hlé á ferlinu í kringum tilraunir til barn-eigna á meðan á brúðkaupsundirbúningi stóð enda höfðu vonbrigðin tekið á.

MYND/LUCA&CO

fæðingarheimili, þar sem áhersla er lögð á að allt sé sem náttúrulegast og sem minnst inngríp notuð. Ljós-mæðurnar sem voru með okkur voru yndislegar," segir hún. „Það kom mér á óvart hversu magnaður líkaminn er og ég öðlaðist enn meiri virðingu fyrir honum að hafa afrekað þetta. Bæði að búa til fullkomna barnið okkar og koma því í heiminn. Svo finnst mér magnað að hann geti líka framleitt næringu fyrir barnið eftir að það kemur í heiminn, þetta er svo stórkostlegt ferli og sannkölluð forréttindi að fá að upplifa það á þennan hátt," segir Alexandra einlæg.



„Það kom mér á óvart hversu magnaður líkaminn er og ég öðlaðist enn meiri virðingu fyrir honum að hafa afrekað þetta. Bæði að búa til fullkomna barnið okkar og koma því í heiminn.“

Ástfangin upp fyrir haus

Dóttirin er nú rúmlega tveggja mánaða og segir nýbökðu móðirin fjölskylduna aðlagast hvert öðru vel. „Hún hefur verið mjög vær og góð og við foreldrarmin erum ástfangin upp fyrir haus af henni. Fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu eru vissulega smá sjokk þar sem líkaminn þarf að jafna sig eftir fæðinguna og hormónarnir eru á fullu ásamt því að vera í nýju hlutverki," segir hún.

Móðir Alexöndru var fyrstu vikurnar hjá fjölskyldunni í Englandi og segir Alexandra það hafa verið ómetanlegt enda miklar annir hjá eiginmanninum í fótbolthanum á þeim tíma.

„Hann fær ekkert frí í fótbolthanum í kringum fæðinguna svo það var gott að hafa stuðning frá henni heima þegar hann fór í útileiki og á æfingar.“

Aðspurð segist Alexandra horfa til beggja foreldra sinna sem fyrirmynda í uppeldinu.

„Báðir foreldrar mínir voru alltaf miklir vinir mínir og við erum mjög nán. Það er eitthvað sem mig langar að taka með mér áfram sem foreldri. Mér finnst mikilvægt að barnið upplifi traust og stuðning og geti leitað til manns í öllum þeim aðstæðum sem það lendir í í lífinu.“

Fjölskyldan hefur dvalið hér á landi í sumar og nýttu nýbökðu foreldrarmin tækifærið til að láta skíra dótturina á heimili þeirra hér á landi að viðstöddum fjölskyldu og vinum. Dóttirin fékk nafnið Melrós Mía en Alexandra segir það í raun vera „út í loftið.“

„Ég hafði séð nafnið Melrós áður en ég varð ólett og heillaðist alveg af því. Við vorum svo bæði mjög hrifin af Miu nafninu og fannst nöfnin passa einstaklega vel saman.“

Hún segir þau hafa vitað snemma á meðgöngunni að von væri á stelpu og þá strax farið að kalla hana nöfnunum.

„Þau festust í raun þar með og svo þegar hún fæddist fannst okkur þau fara henni mjög vel," segir nýbakaða móðirin að lokum, yfir sig heilluð af fögrum frumburðinum sem beðið hafði verið eftir. ■

Forfallinn fjallahjólari

Anna Kristín Ásbjörnsdóttir hefur að eigin sögn verið forfallinn fjallahjólari frá hjólaferð til Tyrklands árið 2014. Í dag skipuleggur hún hjólaferðir fyrir reynda sem óreynda en fjallahjólreiðar hafa tekið gríðarlegan kipp hér á landi á síðustu tveimur árum.

Anna Kristín er sveitastelpa inn að beini en hún er alin upp á Skógum undir Austur-Eyjafjöllum. Ferðageirinn togaði þó snemma í sveitastelpuna og eftir menntaskóla stundaði hún nám í Ferðamálastólaskóla Íslands. „Í framhaldinu fór ég að vinna hjá Ferðaskrifstofu Stúdentanna og starfaði þar í nokkur ár, eða þar til að ég flutti til Frakklands.“

Hún segist hafa verið mjög virkur krakki og liðið best í öllu því sem krafðist mikillar hreyfingar. „Ég fór þó ekki að stunda fjallamennsku fyrr en eftir tvítugt í Hjálparveit skáta í Reykjavík. Fyrsti alvöru leiðangurinn minn var til Nepal. Þangað fór ég í febrúar 1994 ásamt vinkonu minni, Katrínu Oddsdóttur þar sem við klifum 6.000 metra hátt fjall, Imja Tse sem er betur þekkt sem Island Peak.“ Nepalferðin kveikti útivistarbakteríuna og hefur Anna varla stoppað síðan.

Árið 2007 bauðst Önnu starf á nýstofnaðri ferðaskrifstofu í Lyon, Frakklandi þar sem ætlunin var að sérhæfa sig í ævintýraferðum fyrir litla hópa á norðurslóðum. „Þá vantaði einhvern sem þekkti norðurslóðir vel. Vinur minn, Philippe Patay, sem ég hafði áður starfað fyrir fór í samstarf við þá og ég fylgdi með í pakkanum. Nokkrum mánuðum síðar var ég orðin 25 prósent hluthafi, stýrði skrifstofunni næstu tíu árin og var búin að kaupa alla aðra eigendur út þegar ég seldi reksturinn og flutti heim árið 2017.“

Rússíbanareid og lærdómur

Anna segir rekstur ferðaskrifstofunnar sem heitir 66°Nord og er enn í rekstri, hafa verið mikla rússíbanareid og um leið gifurlegur lærdómur.

„Sérstök áhersla var lögð á að selja göngu- og fjallaskíðaferðir til Íslands, Grænlands, Færeyja og Norðs. Þrátt fyrir að vera tiltölulega lítil ferðaskrifstofa vorum við með sterka markaðsstöðu í Frakklandi og nærliggjandi löndum. Okkar markmið var að tryggja persónulega þjónustu þar sem upplifun viðskiptavinarins væri ofar væntingum. Að selja ferðalög er ekkert annað en að selja drauma einhvers sem að þú þekkir ekki og hefur aldrei hitt. Þar sem vonlaust er að hafa þekkingu á þessum draumum er leiðin til árangurs að skipuleggja ferðirnar eins vel og kostur er.“

Áskorun og hvatning

Önnu leið vel í Frakklandi og segist hafa verið fljót að tileinka sér franskan lífsstíl og hefðir. „En því að vera ung erlend kona sem stjórnadi eigin fyrirtæki fólst bæði áskorun og hvatning. Stundum gekk ég á vegg vegna þessa og í öðrum tilfellum greiddi það leiðina.“

En að fjallahjólunum sem í dag allt snýst um, en fyrsta raunverulega reynsla Önnu af þeim var árið 2009 þegar hún hjólaði Laugavegin. „Í framhaldi af því fór ég að mæta á æfingar hjá Hjólaferðafélaga Reykjavíkur í Öskjuhlíðinni en þar voru nokkrir frábærir náungar með tækniæfingar alla sunnudaga yfir vetrartímann. Árið 2014 fer ég síðan með vinkonum mínum úr útivistarhópnum Kríunum til Tyrklands og eftir þá ferð var ekki aftur snúið. Ég breyttist í forfallinn fjallahjólara og önnur sport hafa að mestu þurft að víkja síðan þá.“



Anna Kristín skipuleggur mikið ferðir um Fjallabak nyrðra, þar sem landslagið er tilkomumikið.

MYND/JOHN FENGER



Anna Kristín veit fátt betra en að vera úti í náttúrunni enda sveitastelpa inn að beini, að eigin sögn.



Björk Eidsdóttir bjork @frettabladid.is

Árið 2015 fór Anna að starfa fyrir fyrirtækið Bike Company. „Fyrirtækið stóð á ákveðnum tímamótum og tveimur árum síðar var ákveðið að ég tæki yfir skuldbindingar þess og héldi áfram rekstrinum ein.“

Bike Company sérhæfir sig í fjallahjólaferðum bæði á Íslandi og víða erlendis. „Á Íslandi erum við langmest að Fjallabaki með lengri ferðirnar og allt í kringum höfuðborgarsvæðið með dagsferðirnar.“

Íslendingarnir öðruvísi

Heimsfaraldur Covid breytti starfsemiinni töluvert enda voru kunnarnir fyrir hann, flestir frá Norður-Ameríku, Bretlandi og Sviss. „Að meðaltali skipulagði ég aðeins eina ferð á ári fyrir Íslenskar konur en að öðru leyti voru Íslendingar ekki að kaupa ferðirnar. Þegar landið síðan lokaðist fyrir erlent ferðafólk var ekkert annað í stöðunni en að byrja að markaðssetja ferðirnar hér heima.“

Anna segir það hafa gengið framur vonum og það sé gaman að ferðast með Íslendingum. „Það



Hjólað í hvaða veðri sem er.

MYND/ANTOINE DAURES



Hjólarar á leið yfir Flimmvörðuháls.

MYND/JOHN FENGER

er á margan hátt öðruvísi þar sem erlendu viðskiptavinirnir eru í flestum tilfellum vanir hjólarar og ferðirnar því oftast frekar langar og strangar. Í dag útbý ég styttri ferðir fyrir alla sem hafa til dæmis áhuga á að prófa rafmagnsfjallahjól eða vilja fá skipulagða ferð og koma þá með sín eigin hjól.“

Anna viðurkennir að í upphafi hafi hún verið svolítið stressuð þegar hún fór fyrst að fara fyrir hópum, ekki sist þegar hópurnir hafi eingöngu samanstáð af sterkum karlkyns hjólurum. „En það var fljótt að hverfa. Fjallahjólarar eru upp til hópa mjög jákvæðir einstaklingar sem þægilegt er að vera í kringum. Það að vera kona í þessu hlutverki skiptir í raun ekki máli, svo framarlega sem leiðsögu- maðurinn haldi í við hópinn, rati leiðirnar, komi þeim í húsaskjól og eldi góðan mat á kvöldin,“ segir hún í léttum tón.

Karlarnir kaldari

Anna segir fjallahjólamennsku eina af fáum íþróttum þar sem karlarnir



Stundum þarf að vippra hjólinu á bakið.

MYND/ANTOINE DAURES

séu í heildina hraðari og með betri tækni. „Þá er ég að tala um þá sem eru vanir að stunda hjólreiðar. Það er að sjálfsgöngu fullt af konum sem eru betri hjólarar en margir karlar. Þetta snýst bara um æfingu og þeir virðast kaldari og fljóttari að ná tökum á hjólinu. Þess vegna hef ég verið að bjóða konum að koma í sérstakar kvennaferðir þar sem þær í mörgum tilvikum vilja byrja á rólegri nótum og fá að prófa sig áfram án nokkurrar pressu. Margar af þessum konum hafa síðan haldið áfram að æfa sig og eru margar hverjar orðnar virkilega góðir hjólarar.“

Fengið að heyra það

Aðspurð segir Anna engan hafa gefist upp í ferð þó svo að þátttakendur séu í misjöfnu formi. „En ég hef lent í því að þurfa að peppa fólk áfram. Við förum út að hjóla í öllum veðrum og vindum með erlendu viðskiptavinina svo það er aldrei möguleiki á því að afbóka eða fresta vegna veðurs eins og gerist oft með Íslendinga. Ég hef lent í því að fólk sé þreytt og pirrað og hef stundum fengið að heyra það ansi kröftulega. En eftir á er fólk í öllum tilfellum ánæggt og stolt með að hafa farið út fyrir þægindarammann sinn.“

Anna tekur fram að ekki sé auðvelt að skipuleggja lengri ferðir um hálendi Íslands. „Allt verður að smella saman, bíllinn þarf að komast á leiðarenda og hjólin þurfa að virka. Við höfum verið mjög lánsöm í okkar ferðum þótt að stundum komi upp einhver vandamál. Einu sinni var annar hópur búinn að koma sér fyrir í skálanum sem við höfðum bókað. Það tók sinn tíma að koma honum út þar sem að hann sat sem fastast. Þetta eru aðstæður sem hljóma einfaldar, en á meðan verið er að leysa málin þá biður fólk úti, þreytt eftir langan hjóladag. Við náðum að breyta þessu í útiveislu, kveiktum upp í grillinu, buðum öllum í bjór og vorum búin að borða kvöldmatinn þegar við komumst loksins inn í skálan.“

Hjólatímabilið hér á landi er í kringum fimm mánuðir á ári en Anna segist hafa nóg við að vera hina mánuðina enda þurfi að skipuleggja, uppfæra ferðirnar, finna nýjar leiðir og hjóla þær sem hún ekki þekkir. „Þegar ég sá að Covid tímabilið ætlaði engan endi að taka ákvað ég að fara í frönskunám í Háskóla Íslands. Sú ákvörðun er ein sú besta sem ég hef tekið. Þannig að í stuttu máli hef ég meira en nóg að gera á veturna,“ segir hún að lokum. ■



Að selja ferðalög er ekkert annað en að selja drauma einhvers sem að þú þekkir ekki og hefur aldrei hitt.



lifestream

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
HREINN SAFI

30
DAGA
SKAMMTUR

BIOGENIC[®]
ALOE VERA

Soothing Digestive Tonic

100%
PURE ALOE

www.celcius.is

TARAMAR



Frítt
Arctic Flower Serum
fylgir með TARAMAR
vörum á Tax Free
1-7. júlí, einungis í Hagkaup
Smáranum, Kringlunni, Garðabæ, Akureyri

Heiðdís Huld, sem stundar CrossFit, segir að Footguard komi í veg fyrir að hún rífi upp lófana eins og gerðist hjá henni áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÖR

Fótakremið bjargaði höndunum

Heiðdís Huld Segatta er tvítugur fyrrverandi leikmaður Fylkis, en iðkar núna CrossFit. Álag á fætur og hendur hefur skapað húðvandamál, enda miklar lyftur í þessari tegund þjálfunar. MariCell Footguard hefur komið í veg fyrir slík húðvandamál. **2**

Heiðís Huld segist hafa verið orðin mjög slæm í lófunum þegar móðir hennar benti henni á að prófa MariCell Footguard á hendurnar. Áður hafði Heiðís borið það á fæturna með mjög góðum árangri. „Ég hef notað Footguard eins og handáburð og borið það á lófana áður en ég fer að sofa á kvöldin. Það er frábært hvernig það leysir upp harða húð og sigg sem myndast á höndunum við lyftingarnar. Þegar siggið var sem mest rifnaði það upp og ég fékk sár á hendurnar sem ég fann mikið fyrir þegar ég var að æfa. Það hefur komið mér stórkostlega á óvart hversu vel kremið virkar á hendurnar. Einnig er mjög lítið mál að nota það því ég ber það bara á mig áður en ég fer að sofa á kvöldin. Það klístrast ekkert og ég fann strax mun eftir fyrstu nóttina,“ segir hún.

„Hendurnar eru mikið mýkri en þær voru. Best er að gera þetta daglega til að halda þessu við. Kremið kemur í veg fyrir að ég rífi upp lófana sem gerðist reglulega hjá mér áður. Opin sár í lófunum eyðileggja fyrir manni æfingadaga, enda getur maður þá ekki ekkert hangið, togað eða lyft,“ segir hún.

Sigg við lyftingar

Heiðís Huld ákvað eftir að hafa leikið knattspyrnu frá unga aldri að hætta í boltanum og fara í CrossFit í staðinn. „Ég er búin að vera í CrossFit í rúmt ár og finn að svona einstaklingsíþrótt hentar mér mjög vel. Ég er mikil keppnismanneskja og stefni á að keppa í CrossFit, því er mjög erfitt að missa niður æfingadaga vegna sára í lófunum. Áður en ég byrjaði í CrossFit var ég að lyfta lóðum daglega. Ég fann strax fyrir þessu vandamáli með hendurnar, það myndaðist sigg mjög fljótt og svo sár í kjölfarið,“ segir Heiðís Huld.

Heiðís Huld vill hvetja alla sem eru að lyfta lóðum til að prófa



Heiðís Huld hefur mikið keppnisþap og stefnir á að keppa í CrossFit.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Footguard er íslensk framleiðsla og inniheldur omega.

MariCell Footguard því það kemur á óvart hversu vel það virkar. „Sumir eru að nota sandpappír eða einhvers konar rasp á hendurnar. Það er mun betra að nota svona krem sem styrkir húðina og mýkir. Footguard er íslensk framleiðsla og inniheldur omega.“

Íslensk framleiðsla

MariCell Footguard er íslenskt húðmeðhöndlunarefni próað af Dr. Baldri Tuma Baldurssyni húðsjúkdómalækni og er framleitt á Ísafirði. Það er sérþróað til meðhöndlunar á siggi, þykkri húð og sprungnum hælum og að auki minnkar Footguard líkur á að slíkum húðvandamálum. MariCell Footguard er rakagefandi og eykur getu húðarinnar til að binda vatn.

MariCell Footguard inniheldur þrjú efni sem vinna saman að því að auka heilbrigði fótanna; mOmega3, ávaxtasýru(7%) og karbamíð(10%).

1. mOmega3 inniheldur m.a. EPA og DHA fitusýrur sem húðin getur nýtt sér til að viðhalda heilbrigði fylliefnis hrynislags húðarinnar.
2. Ávaxtasýra sem mýkir efsta lag húðarinnar, flýtir fyrir húðflögnun og eykur gegndræpi húðarinnar þannig að mOmega3™ fitusýrur og karbamíð eiga auðveldara með að smjúga inn í húðina.
3. Karbamíð gefur raka og eykur vatnsbindigetuhúðarinnar. ■

MariCell Footguard fæst í næsta apóteki.

Gat ekki gengið í opnum skóm

Ása Hrund Sigurjónsdóttir starfar sem hjúkrunarfræðingur og undanfarnir mánuðir hafa verið mjög annasamir í vinnunni. Ása vinnur vaktavinnu og álagið hefur komið niður á fótunum. Hún var því ánægð að finna MariCell Footguard.

Ása Hrund segist hafa verið með grófa og erfiða húð á hælum í langan tíma. „Örugglega í 15 ár,“ segir hún. „Húðin fór versnandi, varð þykk og gróf. Síðan komu sprungur og ég fann verulega til við gang út af þessu. Ég var búin að reyna alls konar krem, fótmaska og fótáböð. Einnig hafði ég farið í fótstírtingu á snyrtistofu en það virkaði lítið og ástandið varð fljótt eins og áður,“ segir Ása Hrund sem var alltaf að prófa ný krem og smyrsl sem hún rakst á í apótekum og í auglýsingum. „Ég hef prófað flest ef ekki öll fótakrem sem fást hér á landi. Dætur mínar hafa gert grín að mér því ég get verið svo ginnkeypt fyrir auglýsingum en ég ákvað að prófa enn eitt kremið þegar ég rakst á auglýsingu um MariCell Footguard.“

Fann strax mun

Ása segir að hún hafi fljótt farið að sjá mun eftir að hún prófaði MariCell Footguard. „Ég byrjaði að taka eftir mun strax eftir 2-5 daga en svo varð árangurinn betri og betri. Húðin á fótunum er bara allt önnur, harða húðin er horfin og þar með sprungur og óþægindi



MariCell Footguard er íslenskt húðmeðhöndlunarefni.

tengt því. Dagarnir geta verið mjög erilsamir í mínu starfi, maður stendur mikið í fæturna og gengur langar vegalengdir á vöktunum. Þegar ég var sem verst gat ástandið verið þannig að ég fann til í hverju skrefi,“ segir hún.

„Í byrjun notaði ég kremið daglega á kvöldin en er núna farin að nota það 2-4 sinnum í viku, yfirleitt fyrir svefninn. Set það stundum á mig á morgnana því mér finnst fylgja því vellíðan að bera það á mig. Mér fannst það kostur að það er ekki eitthvað ofur klístrað. Sum krem sem ég hef prófað láta mann upplifa að maður



Ása Hrund gengur mikið í vinnunni og var komin með húðvandamál á fætur.

MYND/ÞSEND

Dætur mínar hafa gert grín að mér því ég get verið svo ginnkeypt fyrir auglýsingum en ég ákvað að prófa enn eitt kremið þegar ég rakst á auglýsingu um MariCell Footguard.

sé hálfsvettur á fótunum. MariCell Footguard gefur mjög góðan raka án þess að vera eitthvað svakalega feitt þegar maður ber það á sig. Mér finnst það líka kostur að Footguard lyktar ágætlega. Síðan er frábært að svona flott vara skuli vera fundin upp og þróuð hér á landi.“

Ása Hrund hefur mjög gaman af því að ferðast, bæði utan og innanlands. Hún segir að áður hafi hún ekki getað gengið í sandöllum í góðu veðri eða opnum skóm en núna nýtur hún þess að gera það. „Mér finnst líka gaman að stunda líkamsrækt sem setið hefur á haknum í Covid en vonandi kemst ég fljótlega aftur í góða hreyfingu,“ segir hún. ■

MariCell Footguard fæst í næsta apóteki.

SORE NO MORE

Natural Pain Relieving Gel

Fyrir æfingu



Eftir æfingu



SORE NO MORE

Náttúrulegt hitagel

SORE NO MORE

Náttúrulegt kæligel

Brynhildur Björnsdóttir kabarettisöngkona verður með ýmislegt á þrjónunum á Reykjavík Fringe hátíðinni sem hefst í dag, 3. júlí. Hún verður með tvö tónleika í Bókabúð Máls og menningar, á morgun og föstudaginn, en kemur líka fram með kabarettþópnum Dömur og herra.

„Ég hef verið að stúdera ástina í mörg ár, og ekki bara sem einstaklingur eins og flestir, heldur líka á fræðilegan hátt,“ segir Brynhildur, aðspurð um yfirskrift tónleikanna sem er tilvitnun í eitt þekktasta lag Páls Óskars, Allt fyrir ástina,“ segir Brynhildur, en hún hefur verið virk í Hinu íslenska ástarrannsóknafélagi frá stofnun þess. „Í félaginu skoðum við ástina á akademískum forsendum, skoðum áhrif hennar í samfélaginu og á einstaklinga. Meistararitgerðin mín heitir til að mynda Vald ástarinnar og fjallar um hvernig hugmyndin um rómantíska ást hefur áhrif á samfélagið og menninguna. Síðan ég skilaði ritgerðinni í haust hefur mig langað að tengja hana við ýmis dægurlög sem fjalla um ástina frá öllum hlöðum og læt nú verða af því með tvennum tónleikum í Bókabúð Máls og menningar, nýjum tónleikastað á Laugavegi 18. Þeir fyrri verða á morgun, sunnudag, klukkan fimm, en þeir seinni föstudaginn 9. júlí klukkan sex,“ segir hún.

Með mér leikur Aðalheiður Þorsteinsdóttir píanóleikari en við köllum okkur Bibi Bioux og A La Dioux. Við munum leika nokkur alþekkt, íslensk ástarlög með örfáum erlendum í bland og á milli fer ég yfir ástarfræðin og krydda þau með eigin reynslu. Burlesklistakonan Vice Versa verður okkur svo til halds og trausts og fjallar um ástina á ögn líkamlegri hátt,“ segir Brynhildur, en tekur fram að tónleikarnir verði þó við hæfi allra aldurshópa.

Hleypur á milli sýninga

Sjálf hefur Brynhildur verið virkur þátttakandi í burlesk- og kabarettisöngkonu frá 2017 og gerði meðal annars útvarpsþáttaröð árið 2019 fyrir Rás 1 sem nefnist Daðrað af jaðrinum. Þar fór hún yfir stöðu jaðarlista á Íslandi, en til þeirra teljast uppistand, sirkus, spuni og drag, auk burlesk og kabarets. „Það hefur lítið breyst síðan ég gerði þessa þætti þar sem jaðarlistirnar lögðust í dvala eins og allt annað með Covid. En nú er Fringe hátíðin að byrja og hún keyrir senuna aftur í gang.“

Reykjavík Fringe hátíðin er haldin í fjórða sinn í ár og Brynhildur ætlar að reyna að sjá sem



Brynhildur mun flytja lög eftir Gunnar Þórðarson, Hauk Ingibergsson, Moses Hightower, Pál Óskar, Suzanne Vega og marga fleiri.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Allt fyrir ástina



Elín
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

flestar af þeim 150 sýningum sem verða í boði. „Ég hlakka samt mest til að koma fram með kabarett- og kætihópnum mínum, Dömur og herra, sem verður með sýningu á öðrum nýjum sýningarstað, Bar Ananas, næsta föstudag klukkan hálfnú. Þar er mjög skemmtilegt andrúmsloft og takmarkað sætaframboð, svo ég ráðlegg áhugasömum að festa sér miða í tíma. Ég klára seinni ástartónleikana klukkan rúmlega sjö þann sama dag svo ég þarf að vera fljót að skipta um fót og koma mér í annan karakter. Sem betur fer er Ananas bara hinum megin við götuna. En þetta er eitt af því sem er svo skemmtilegt við að vera á Fringe hátíð, að hlaupa á milli sýninga, ýmist til að sýna sig eða sjá aðra.“

Í Þjóðleikhúskjallaranum

Dömur og herra er burlesklistahópur sem hóf göngu sína í Kramhúsinu 2017 en hefur farið víða síðan og sýndi meðal annars á Brighton Fringe hátíðinni vorið 2019. Sýningin næsta föstudag verður fyrsta sýning hópsins í heilt ár, en svo fara hjólin heldur betur að snúast. „Við finnum að skemmtanalífið er að fara í gang aftur og erum afar tilbúin að leggja okkar af mörkum. Við verðum með tvær sýningar í

Tjarnarbíói á næstunni, 22. júlí og 13. ágúst, sem verða hluti af metnaðarfullri sumardagskrá þar. Og svo má segja frá því núna að á næsta leikári verðum við með sýningar á sjóðheitustu klassabúllu landsins, Þjóðleikhúskjallaranum, þar sem jaðarlistir munu eiga sér heimavöll í bland við ýmislegt annað. Mjög spennandi að taka þátt í því ævintýri.“

Ástin er heillandi

En næst á dagskránni eru tónleikarnir í Bókabúð Máls og menningar á morgun. „Það er staðreynd að flestöll dægurlög fjalla um ástina svo það var úr mörgu að velja á prógrammið en að lokum ákvað ég að láta hjartað ráða för og velja lög og eða texta sem snerta mig með einum eða öðrum hætti. Þarna verða lög eftir Gunnar Þórðarson, Hauk Ingibergsson, Moses Hightower, Pál Óskar, Suzanne Vega og marga fleiri. Ástin er heillandi viðfangsefni og getur bæði verið upphafin alsæla og ormagryfja þjáninga svo það verður eitthvað fyrir alla, meira að segja þá sem eru komnir með nóg af henni,“ segir Brynhildur að lokum.

Tónleikarnir Allt fyrir ástina! verða í Bókabúð Máls og menningar sunnudaginn 4. júlí kl. 17 og föstudaginn 9. júlí kl. 18. Miðasala er á tix.is. ■



Brynhildur og Aðalheiður Þorsteinsdóttir kanna undarleik ástarinnar á morgun. MYND/HALLA KRISTÍN



Kabarettlistir sækja í sig veðrið með afnámi samkomutakmarkana. Hér má sjá hluta af kabarettþópnum Dömur og herra. MYND/ELÍN BJÖRG

Föstudaginn 9. júlí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

SUMARVARNIR (ÓÞOL OG OFNÆMISVAKAR)

Boðið verður upp á flott viðtöl og fróðlega umfjöllun um hinar ýmsu sumarvarnir.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



TÆKNIMAÐUR

Sónar ehf. óskar að ráða til starfa tæknimann til að þjónusta siglinga-, fjarskipta- og fiskileitartæki.

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf sem fer fram um borð í skipum af öllum stærðum, ásamt vinnu á verkstæði.

Við leitum að rafeindavirkja, rafvirkja eða aðila með sambærilega menntun. Umsækjandi þarf að vera skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Ef þú hefur áhuga á fjölbreytilegri vinnu á lifandi og skemmtilegum vinnustað þá endilega hafðu samband. Góð laun og framtíðarvinna er í boði fyrir réttan aðila.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið sonar@sonar.is — fyrir 15. júlí.

Fyllsta trúnaðar verður gætt og öllum umsóknum verður svarað.



Sónar ehf. er eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins í innflutningi, sölu og þjónustu á siglinga- og fjarskiptatækjum í skip og báta.

Líf og sál vantar liðsauka



SÁLFRÆÐI- OG RÁÐGJAFASTOFA

Við hjá Lífi og sál erum þéttur hópur sálfræðinga og sáttamiðlara sem vinnur bæði fyrir einstaklinga, starfshópa og stjórnendur. Líf og sál hefur verið starfrækt í rúm tuttugu ár og býr því yfir mikilli reynslu á vettvangi meðferðar sem og vinnusálfræði.

Nú leitum við að einstaklingi í teymið okkar.

Starfssvið

- Meðferðarvinna fullorðinna.
- Handleiðsla og ráðgjöf fyrir fagfólk, stjórnendur fyrirtækja og innan stjórnsýslu um hvaðeina sem lýtur að sálfélagslegum áhættuþáttum á vinnustöðum.
- Úttektir vegna sálfélagslegra áhættuþátta, s.s. vinnustaðagreiningar, úttektir vegna samstarfsferiðleika, áreitni, eineltis.
- Fræðsla í formi fyrirlestra og námskeiða.
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði meðferðar og vinnusálfræði.

Hæfniskröfur

- Löggilding til starfa sem sálfræðingur á Íslandi.
- Klínísk reynsla æskileg.
- Reynsla af verkefnum á sviði vinnusálfræði æskileg.
- Framúrskarandi samskiptafærni og áhugi á teymisvinnu.
- Fagmennska, frumkvæði og drifkraftur.
- Ögun í vinnubrögðum og sveigjanleiki.
- Góð íslenskukunnátta og kunnátta í erlendum tungumálum í töluðu og rituðu máli.

Umsóknarfrestur um starfið er til og með 30. júlí 2021.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsókn berist til Þórkötu Aðalsteinsdóttur sálfræðings og framkvæmdastjóra Lífs og sálar, thorkatla@lifogsal.is. Sjá nánar um Líf og sál á www.lifogsal.is.

Sérfræðingur í kerfis- og notendapjónustu



Lyfjastofnun
Icelandic Medicines Agency

Lyfjastofnun auglýsir laust starf sérfræðings í upplýsingatæknideild.

Leitað er að öflugum einstaklingi sem reiðubúinn er að vinna fjölbreytt og krefjandi starf í litlu teymi kerfis- og notendapjónustu. Um fullt starf er að ræða.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með þjónustuborði í beiðnakerfi upplýsingatæknideildar
- Þjónustar notendur í tengslum við tæknibúnað, aðgang að kerfum og önnur tæknileg mál
- Fræðsla og þjálfun varðandi upplýsingatæknimál
- Uppsetning og eftirlit með tæknibúnaði og kerfum ásamt úrlausn vandamála
- Umsjón með leyfismálum og aðgangi notenda í Active Directory (AD), Office 365 og öðrum kerfum
- Umsjón með rekstri upplýsingatæknikerfa stofnunarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði kerfisstjórnunar
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta og tæknifærni
- Góð þekking á Office 365 umhverfinu og Active Directory
- Góð þekking á öllum helsta notendabúnaði
- Gott vald á íslensku auk ensku í ræðu og riti
- Lipurð í mannlegum samskiptum, þjónustulund, jákvæðni, sveigjanleiki, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 5. ágúst 2021. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests. Lyfjastofnun hefur hlotið jafnlaunavottun. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Lyfjastofnun er ríkisstofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Helstu hlutverk stofnunarinnar eru að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf í samvinnu við lyfjafirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit með lyfjabúðum, lyfjafyrirtækjum, heilbrigðisstofnunum og söluaðilum lækningatækja á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf og lækningatæki til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda ásamt því að taka ákvarðanir um lyfjaverð og greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í lyfjakostnaði sjúklinga.


Hjá Lyfjastofnun starfa rúmlega 80 starfsmenn af 6 þjóðernum. Lyfjastofnun leggur áherslu á gott vinnuumhverfi, starfsþróun og framfylgir stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu.

Gildi Lyfjastofnunar eru: **gæði – traust – þjónusta**

Nánari upplýsingar um Lyfjastofnun má finna á: www.lyfjastofnun.is

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Öryggismiðstöðin auglýsir eftir öflugum launafulltrúa í fullt starf

Starfið er framtíðarstarf á samhentum, traustum og metnaðarfullum vinnustað.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Launavinnsla, útreikningar, frágangur og úrvinnsla gagna
- Skil til lífeyrissjóða, stéttarféлага o.fl. vegna launa
- Umsjón með ráðningarsamningum, að þeir séu í samræmi við lög, reglur og kjarasamninga
- Skrá nýja starfsmenn í tímaskráningarkerfi og umsjón með kerfinu
- Orlofsútreikningar og ábyrgð á uppfærslu orlofsréttinda
- Ýmsar greiningar og upplýsingagjöf til stjórnenda
- Umsjón, eftirfylgni og upplýsingagjöf vegna jafnlaunavottunar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði með áherslu á mannauð og greiningar eða sambærileg menntun kostur
- Góð þekking og reynsla á launabókhaldi
- Þekking á H3 launakerfi mikill kostur
- Þekking og/eða reynsla á Tímon tímaskráningarkerfi kostur
- Góð þekking á kjaramálum og réttindum
- Þekking og/eða reynsla af jafnlaunavottun kostur
- Mjög góð færni og kunnátta í Excel
- Góð almenn tölvuþekking
- Nákvæmni, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Færni til þess að vinna sjálfstætt jafnt og með öðrum

Nánari upplýsingar Reynir Valbergsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, reynir@oryggi.is. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. **veitir** Umsóknarfrestur er til og með **19. júlí 2021**.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Vakin er athygli á því að starfsmenn þurfa að skila inn sakavottorði. Tekið verður við umsóknum í gegnum Alfreð.



**ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN**

**Við erum með
þér til öryggis**

Öryggismiðstöð Íslands | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 | [Nánar á oryggi.is](http://Nanar.oryggi.is)

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og leyfðu okkur að hjálpa þér og þínu fyrirtæki að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

44%

íbúa höfuðborgar-
svæðisins á aldrinum
18-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

49%

íbúa höfuðborgar-
svæðisins á aldrinum
35-65 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*

68%

íbúa höfuðborgar-
svæðisins á aldrinum
55-80 ára lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali*



*Samkvæmt prentmælingum Gallup

FRÉTTABLAÐIÐ
— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI —
20
ÁRA



Leikskólastjóri Laufás Þingeyri

Fullt starf Stjórnendur.

Leikskólinn Laufás leitar að öflugum leikskólastjóra. Viðkomandi verður að geta hafið störf í ágúst.

Sjá nánar á Job

job

Finnum draumastarfið saman



VERKFRÆÐISTOFA

Lagna- og loftræsihönnuður

NNE Verkfræðistofa leitar eftir góðu fagfólki til framtíðarstarfa á lagna- og loftræsisviði. Í boði er gott og fjölskylduvænt starfsumhverfi.

Starfið felst í allri almennri lagna- og loftræsihönnun.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Gott vald á Revit og Autocad
- Góð starfsreynsla er æskileg
- Sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á netfangið hoo@nne.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

NNE Verkfræðistofa er lítið en öflugt fyrirtæki á sviði mannvirkjahönnunar. Fyrirtækið þjónustar fjölbreyttan hóp viðskiptavina og framundan eru spennandi verkefni.

NNE VERKFRÆÐISTOFA
www.nne.is



KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Íslenskukennari

100% staða kennara í íslensku skólaárið 2021-2022 er laus til umsóknar.

Kröfur til umsækjenda:

Háskólapróf í íslensku ásamt kennsluréttindum í framhaldsskóla. Leitað er að einstaklingi sem skorar hátt á sviði samskipta og kennslustækni og fellur vel að aðstæðum og þörfum skólans.

Umsóknir ásamt ferilskrá, prófskírteinum og saka-vottorði berist Kvennaskólanum í Reykjavík í netfangið hjalti@kvenno.is fyrir **19. júlí**.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og fjármálaráðuneytis. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar gefur undirritaður í netfanginu hjalti@kvenno.is.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.kvenno.is

Skólameistari

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Kynningarfulltrúi BHM

Bandalag háskólamanna (BHM) óskar eftir að ráða kynningarfulltrúa í krefjandi og fjölbreytt starf. Kynningarfulltrúi miðlar upplýsingum um starfsemi bandalagsins, stefnu og baráttumál til markhópa og stuðlar að því að bandalagið sé sýnilegt í opinberri umræðu. Hann annast einnig skipulag og framkvæmd viðburða á vegum bandalagsins, s.s. fundi og ráðstefnur.

Starfssvið kynningarfulltrúa BHM

- Upplýsingamiðlun til fjölmiðla um málefni BHM
- Aðstoð við fjölmiðlasamskipti formanns bandalagsins
- Ábyrgð á framkvæmd kynningarstefnu BHM, þ.m.t. miðlun upplýsinga um starfsemi BHM til markhópa
- Ábyrgð á ritstjórn og þróun vefs og samskiptasíðna BHM
- Ritun fréttu, greina og pistla
- Ábyrgð á skipulagi og undirbúningi viðburða á vegum bandalagsins
- Ábyrgð á gerð og dreifingu kynningarefnis og auglýsinga
- Þátttaka í innra starfi BHM og samskiptum við innlenda og erlenda samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum við fjölmiðlun, almannatengsl eða kynningarmál
- Góð þekking á vefumsjón, upplýsingamiðlun á samfélagsmiðlum og útgáfu
- Þekking á hlutverki stéttarfélaganna og málefnum vinnumarkaðar
- Mjög góð íslenskukunnátta í ræðu og riti og hæfni til að setja fram efni á skýran hátt
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Geta til að vinna sjálfstætt og undir álagi
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti, kunnátta í Norðurlandamálum er æskileg

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferlisskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **19. júlí 2020**.

BHM er vinnustaður þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi við ráðningar.

Bandalag háskólamanna var stofnað árið 1958 og er regnhlífar-samtök fag- og stéttarfélaganna háskólamenntaðs fólks á íslenskum vinnumarkaði. Innan BHM eru nú 28 aðildarfélög með samtals um 16 þúsund félagsmenn sem starfa í ýmsum atvinnugreinum, bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði. Hjá BHM starfa 22 starfsmenn og skrifstofa félagsins er í Borgartúni 6.





Tvö störf á lögfræði- og fyrirtækjasviði Byggðastofnunar

Stjórnsýsla póstmála hefur nú flust til Byggðastofnunar, skv. lögum um póstpjónustu. Byggðastofnun leitast að tveimur sérfræðingum með góða samskipta- og skipulagshæfileika sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi og áhugaverð verkefni á nýju verkefnasviði stofnunarinnar, auk þess að vinna að þeim fjölbreyttu þáttum byggðamála sem sinnt er af stofnuninni. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall beggja starfa er 100%. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Lögfræðingur

Starfið er á lögfræðisviði Byggðastofnunar. Helstu verkefni og ábyrgð lögfræðings eru umsjón með og afgreiðsla stjórnsýsluverkefna auk eftirlits á sviði póstmála samkvæmt lögum um póstpjónustu og umsjón með gerð álita og úrskurða á málefna-sviðinu. Möguleiki er á þátttöku í erlendu samstarfi. Athygli er vakin á því að í samræmi við byggðastefnu stjórnvalda er starfið auglýst án staðsetningar, en skal þó unnið á starfssvæði Byggðastofnunar, utan höfuðborgarsvæðisins.

Hæfniskröfur

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Mjög góð þekking á stjórnsýslurétti
- Þekking á evrópurétti er kostur
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Senda á umsókn til Byggðastofnunar, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki eða á netfangið postur@byggdastofnun.is.

Sérfræðingur í greiningu fjárhagsupplýsinga

Starfið er á fyrirtækjasviði Byggðastofnunar. Helstu verkefni sérfræðings eru markaðsgreiningar og greiningar fjárhagsupplýsinga fyrirtækja á markaði fyrir póstpjónustu, umsjón með flutningsjöfnunarstyrkjum skv. lögum nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun, eftir atvikum greining lánsbeiðna á fyrirtækjasviði og samskipti við viðskiptavini. Staðsetning starfsins er á skrifstofu Byggðastofnunar á Sauðárkróki.

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði hagfræði, viðskiptafræði eða sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hæfni í og reynsla af greiningu fjárhagsupplýsinga
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt og í hópi
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar

Frekari upplýsingar um störfin veita Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs og Arnar Már Elíasson, staðgengill forstjóra. **Umsóknarfrestur er til og með 26. júlí 2021.**



BYGGÐASTOFNUN

Byggðastofnun | Sauðármýri 2 | 550 Sauðárkrókur

RÁÐNINGAR



Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is



HAGVANGUR

Fyrirtæki ársins 2021



SÉRFRÆÐINGUR

Læknafélag Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í hagdeild félagsins

Læknafélagið leitast að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi í fullt starf sérfræðings á skrifstofu félagsins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem annars vegar felur í sér gagnaoöflun/gagnagreiningu á heilbrigðismálum og hins vegar rekstrar- og bókhaldsvinnu.

Sérfræðingur heyrir undir framkvæmdastjóra og starfar náð með honum sem og formanni og starfsfólki félagsins. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á heilbrigðismálum og getu til að meta rekstur og umhverfi heilsbrigðisþjónustu. Einnig þarf viðkomandi að eiga auðvelt með að koma þeim upplýsingum á framfæri á hnitmiðaðan hátt, bæði í rituðu og mæltu máli.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem umsækjandi gerir betur grein fyrir menntun sinni, hæfni, þekkingu og reynslu. Einnig skal tilgreina að minnsta kosti tvo umsagnaraðila.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsýsla og umsjón launatölfræði.
- Gerð sjálfstæðra úttekta um hagfræðileg málefni.
- Aðkoma að gerð kjarasamninga.
- Ráðgjöf og fræðsla tengd kjarasamningum.
- Yfirumsjón með bókhaldi félagsins.
- Gerð fjárhagsáætlana.
- Ráðgjöf til fyrirtækja lækna og hópa lækna á sama starfsvettvangi.
- Aðkoma að stefnumótun LÍ varðandi mótun hins íslenska heilbrigðiskerfis.
- Seta í nefndum og starfshópum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða skyldum greinum.
- Góð greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Þekking og reynsla af málefnum stéttarféлага og vinnu- markaðsmálum er kostur.
- Góð þekking á töflureikni og reynsla af vinnslu gagna-grunna.
- Bókhaldsþekking, reynsla af DK viðskiptahugbúnaði er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 3. ágúst nk. Ráðið verður í starfið frá 1. september nk. eða skv. samkomulagi.

Umsóknir ásamt kynningarbréfi og starfsferilsskrá skal senda á netfangið solveig@lis.is.

Nánari upplýsingar veita Sólveig Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (solveig@lis.is) og Reynir Arngrímsson, formaður LÍ (reynir@lis.is).

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Við leiðum fólk saman



hagvangur.is

HAGVANGUR

Ómótstæðilegt umhverfi og frábær börn - Við leitum að leikskólastjóra og leikskólakennara við Reykhólaskóla í Reykhólahreppi

Reykhólahreppur auglýsir stöður leikskólastjóra og leikskólakennara við Reykhólaskóla lausa til umsóknar. Skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli undir einu þaki. Í skólanum eru um 60 nemendur á leik- og grunnskólastigi.

Á Reykhólum er hægt að lifa af launum sínum!
Flutningsstyrkur og liprar leiðir í húsnæðismálum.



Reykhólar er sveitarfélag með um 240 íbúa og þar af býr um helmingur þeirra í þéttbýlinu á Reykhólum. Á Reykhólum er að finna margvíslega þjónustu. Í boði er flutningsstyrkur.

Staða leikskólakennara í 100% starfshlutfalli, best er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið: Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu sveitarfélagsins. Nánar um starfssvið leikskólakennara má lesa hér.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun, leyfisbréf og hæfni til kennslu í leikskóla
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleiki í vinnubrögðum
- Reglusemi og samvirkusemi
- Hefur hreint sakarvottorð

Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Umsóknnum skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilsskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri í síma 430 3200 eða í gegnum netfangið sveitarstjóri@reykholar.is

Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí 2021.

Umsóknnum skal skilað til sveitarstjóra Reykhólahrepps á netfangið sveitarstjóri@reykholar.is

Staða leikskólastjóra í 100% starfshlutfalli, frá og með 1. ágúst 2021 eða eftir samkomulagi.

Starfssvið: Leikskólastjóri starfar samkvæmt gildandi lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Reykhólahrepps. Nánar um starfssvið leikskólastjóra má lesa hér.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun, leyfisbréf og hæfni til kennslu í leikskóla
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar er kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og sveigjanleiki í vinnubrögðum
- Reglusemi og samvirkusemi
- Hefur hreint sakarvottorð

Leikskólastjóri á leikskóladeildinni Hólabæ starfar í nánu samstarfi við skólastjóra grunnskólastigs. Þeir mynda skólastjórn Reykhólaskóla/Hólabæjar sem er ein og sama stofnunin. Þeim ber því að vinna saman að öllum þeim verkefnum og málum þar sem samstarf þeirra getur leitt til faglegra og árangursríkara skólustarfs þar sem hagsmunir nemenda/barna eru ávallt hafðir í fyrirrámi. Launakjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Umsóknnum skal fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilsskrá), leyfisbréf til kennslu, kynningarbréf og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri í síma 430 3200 eða í gegnum netfangið sveitarstjóri@reykholar.is

Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí 2021.

Umsóknnum skal skilað til sveitarstjóra Reykhólahrepps á netfangið sveitarstjóri@reykholar.is



Rekstrarstjóri – Melaskóli

Melaskóli auglýsir eftir rekstrarstjóra í fullt starf frá 1. ágúst nk. Melaskóli er í Vesturbæ Reykjavíkur. Í skólanum eru um 580 nemendur í 1.-7. bekk. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Velliðan, samvinna, metnaður og sköpunargleði eru grundvallargildi skólastarfs Melaskóla og þar er lögð áhersla á læsi í viðum skilningi. Í skólanum er bekkjarkerfi þar sem fjölbreyttir kennsluhættir og náð samstarf eru í fyrirrúmi. Einnig er unnið eftir Olweusaráætluninni gegn einelti. Útikennsla, raungreinar og list- og verkgreinar eru mikilvægir þættir í starfsemi skólans. Skólinn er í grónu hverfi og er gott samstarf við heimili, félagasamtök og stofnanir í nærumhverfinu.

Rekstrarstjóri hefur umsjón með fjármálum og rekstri skólans í samstarfi við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Um er að ræða tímabundið starf til eins árs með möguleika á framlengingu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber, ásamt stjórnendum, ábyrgð á fjárhagsáætlunargerð og að skólinn starfi innan fjárheimilda. Samþykkir reikninga, vinnur frávikagreiningu og annað sem tengist fjármálum og ráðstöfun fjármagns. Er tengiliður við fjármálaráðgjafa fjármálaskrifstofu SFS.
- Hefur umsjón með starfsmannahaldi ásamt stjórnendum, s.s. launagögnum, gerð auglýsinga og ráðningasamninga, Vinnustund og öðru því tengdu.
- Er tengiliður við verkefnisstjóra fasteigna hjá SFS og aðra sem koma að viðhaldi og endurnýjun húsnæðis, áhalda og tækja í samstarfi við stjórnendur.
- Situr fundi með stjórnendateymi skólans þegar á þarf að halda.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð er æskileg.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum er æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.
- Skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Lausnamiðað og jákvætt hugarfar.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jón Pétur Zimsen í síma 411-7100 og tölvupósti jon.petur.zimsen@rvkskolar.is. Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf og er umsóknarfrestur til og með **12. júlí 2021**. Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélags.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.



VERKFRÆÐISTOFA

Hönnuður burðarvirkja

NNE Verkfræðistofa leitar eftir góðu fagfólki til framtíðarstarfa á burðarvirkjasviði. Í boði er gott og fjölskylduvænt starfsumhverfi.

Starfið felst í allri almennri hönnun burðarvirkja.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Gott vald á Revit og Autocad
- Góð starfsreynsla er æskileg
- Sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á netfangið hoo@nne.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

NNE Verkfræðistofa er lítið en öflugt fyrirtæki á sviði mannvirkjahönnunar. Fyrirtækið þjónustar fjölbreyttan hóp viðskiptavina og framundan eru spennandi verkefni.

VERKFRÆÐISTOFA
www.nne.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!


HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH

RÁÐGJÖF

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita
að þér?

**BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS**

Reykjavíkurborg

Ertu bókabéus? Viltu taka þátt í að efla áhuga fólks á bókmenntum og lestri?

Borgarbókasafnið leitar að öflugum verkefnastjóra í deild miðlunar og nýsköpunar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkefnastjóri bókmennta vinnur að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að viðburðahaldi og miðlun bókmennta- tengds efnis á heimasíðu og samfélagsmiðlum Borgarbókasafnsins.
- Hann heyrir undir deild miðlunar og nýsköpunar og vinnur þvert á allar starfsstöðvar Borgarbókasafnsins.
- Starfið felur m.a. í sér hugmyndavinnu, þróun, áætlanagerð, miðlun, skipulagningu og framkvæmd bókmennta- tengdra verkefna í samstarfi við ýmsa aðila.
- Verkefnastjóri tekur á móti fyrirspurnum, veitir umsagnir og sinnir erindum er heyra undir málaflokkinn.
- Tekur þátt í teymisvinnu þvert á sviði og stofnanir borgarinnar og samstarfi við fagaðila innan lands og utan.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á framhaldsstigi (MA/MS) eða; háskólapróf á fyrsta stigi (BA/BS) auk mikillar starfs- og stjórnunarreynslu á sviði verkefnastjórnunar á menningarsviði, bókmennta- fræði, ritlistar eða menningarmiðlunar.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun og viðburðahaldi á sviði menningar
- Reynsla af stýringu bókmennta- og menningartengdra verkefna
- Mjög góð almenn tölvukunnátta og þekking á stafrænni miðlun efnis á heimasíðum og samfélagsmiðlum
- Framúrskarandi íslenskukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti / kunnátta í fleiri tungumálum en íslensku eða ensku kostur en ekki skilyrði
- Frumkvæði og geta til að fylgja hugmyndum og verkefnum eftir
- Mikil og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góðir skipulagshæfileikar og fagmennska í vinnubrögðum

Launakjör eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Guðrún Dís Jónatansdóttir, deildarstjóri miðlunar og nýsköpunar hjá Borgarbókasafninu, gudrun.dis.jonatansdottir@reykjavik.is, s. 411 6115.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN**



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



MOSFELLSBÆR

Verkefnastjóri skipulagsmála

Verkefnastjóri hjá Embætti skipulagsfulltrúa á umhverfissviði

Mosfellsbær er sveitarfélag í örum vexti og undanfarin ár hefur uppbygging verið mikil og fólksfjöldun í samræmi við það. Áform eru um frekari framkvæmdir innan sveitarfélagsins í takt við þéttingu höfuðborgarinnar í heild. Umhverfissvið vinnur að metnaðarfullum verkefnum til að gera Mosfellsbæ áfram að spennandi búsetukosti og er nú unnið að fjölbreyttu lóðaframbóði með gerð nýrra deiliskipulaga. Sveitarfélagið er einnig með í undirbúningi endurskoðun aðalskipulags sem kallar á innleiðingu Borgarlínunnar, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, nýrra minjaskráninga, flokkunar landbúnaðarlands, frumdragavinnu samgöngumannvirkja sem og fleiri áætlana í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Á sviðinu starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga með ólíka sérfræðikunnáttu.

Verkefnastjóri starfar undir stjórn skipulagsfulltrúa og framkvæmdastjóra umhverfissviðs og vinnur með þeim að ýmsum verkefnum málaflokksins. Verkefnastjóri tekur þátt í störfum skipulagsnefndar og fundarhaldi. Hann hefur umsjón með skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu og formlegu afgreiðsluferli skipulagstillagna. Hann sinnir ráðgjöf varðandi skipulags- og byggingartengd málefni og samskiptum við viðskiptavini sveitarfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Nám sem samsvarar meistaraáráðu á háskólastigi er skilyrði (skipulagsfræðingur, arkitekt, landslagsarkitekt eða sambærilegt).
- Verkefnastjóri þarf að hafa þekkingu á sviði skipulagsmála.
- Haldbær þekking og reynsla á lagaumhverfi skipulagsmála er kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnáslu er kostur.
- Frumkvæði, nákvæmni, skipulagsfærni og metnaður.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hröð úrlausn verkefna er nauðsynleg.
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli er nauðsynleg.
- Haldbær reynsla og þekking á verkefnastjórnun og teymisvinnu.
- Góð tölvukunnátta og þekking á teikniforritum sem og öðrum forritum sem notuð eru við skipulagsvinnu er æskileg.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði, færni í erlendum tungumálum er kostur.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst 2021.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar en auk þess veitir Jóhanna B. Hansen framkvæmdarstjóri umhverfissviðs og Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is



Alþjóðabankinn auglýsir stöðu sérfræðings á sviði mannréttinda í Washington DC

Í tengslum við samstarf Íslands og Alþjóðabankans á sviði mannréttinda í þróunarsamvinnu, er auglýst laus til umsóknar staða sérfræðings hjá Alþjóðabankanum á sviði mannréttinda (Senior Program Officer). Sérfræðingurinn verður staðsettur í höfuðstöðvum bankans í Washington DC og mun starfa við mannréttindasjód bankans en einnig sinna öðrum verkefnum í deild félagslegrar þróunar og framfara.

Kröfur til umsækjenda eru m.a.:

- Meistaragráða á sviði mannréttinda, hagfræði, lögfræði, stjórn málafræði, félagsvísindi, þróunarfræði, eða önnur viðeigandi menntun sem nýtist í starfinu.
- Að minnsta kosti átta ára starfsreynsla á sviði mannréttinda og þróunarsamvinnu, reynsla af störfum í þróunarlöndum er kostur.
- Að minnsta kosti átta ára viðeigandi reynsla á einu eða fleirum af eftirfarandi sviðum: kynjajafnrétti (gender); félagslegir þættir í tengslum við loftslagsbreytingar (social dimensions of climate change); óstöðugleiki, átök og ofbeldi (fragility, conflict and violence) / félagsleg samheldni og viðnámsþróttur (social cohesion and resilience); borgaraleg þátttaka og ábyrgðarskylda (citizen engagement and social accountability).
- Framúrskarandi enskukunnátta í ræðu og riti. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur, s.s. spænsku, frönsku, arabísku og portúgölsku.
- Geta og vilji til tíðra ferðalaga í þróunarlöndum, m.a. til afskekktara ríkja þar sem aðstæður geta verið krefjandi.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á www.starfatorg.is þ.á.m. frekari upplýsingar um kröfur til umsækjenda. Senda má fyrirspurnir um starfið á netfangið wbg@mfa.is.


Alþjóðabankinn tekur ákvörðun um ráðningu. Ráðið er til tveggja ára, áætlað frá 1. desember 2021, með möguleika á framlengingu. Sérfræðingurinn verður starfsmaður Alþjóðabankans og launa- og starfskjör eru samkvæmt reglum stofnunarinnar.

Umsóknafrestur er til og með **14. júlí 2021**. Allir einstaklingar, sem uppfylla hæfniskröfur, óháð kyni eru hvattir til að sækja um starfið.

Kynningarbréf og ferilskrá, hvoru tveggja á ensku, skal senda utanríkisráðuneytinu í tölvupósti á netfangið wbg@mfa.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningaþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST
Ráðningar



KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Íslenskukennari

100% staða kennara í íslensku skólaárið 2021-2022 er laus til umsóknar.

Kröfur til umsækjenda:

Háskólapróf í íslensku ásamt kennsluréttindum í framhaldsskóla. Leitað er að einstaklingi sem skorar hátt á sviði samskipta og kennslustækni og fellur vel að aðstæðum og þörfum skólans.

Umsóknir ásamt ferilskrá, prófskírteinum og saka-vottorði berist Kvennaskólanum í Reykjavík í netfangið hjalti@kvenno.is fyrir **19. júlí**.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og fjármálaráðuneytis. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar gefur undirritaður í netfanginu hjalti@kvenno.is.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.kvenno.is

Skólameistari



Reykjavíkurborg

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Verkefnastjóri Matarhúss

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara auglýsir starf verkefnastjóra Matarhúss laust til umsóknar.

Um er að ræða tímabundið starf til eins árs með möguleika á framlengingu.

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, isl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Hljóðfæri



Harmonikur í úrvali. Vantar notaðar harmonikur í umboðssölu. Pokar og ólar. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

Húsnæði

Húsnæði í boði

3ja herbergja íbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu, laus fljótlega. Bílskur með bílastæði getur fylgt. Uppl. í síma 8456140.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA

Only 2-5 students per course

! Special Icelandic for Thais, Vietnamese and Chinese.

Sérnámskeið: Íslenska f. Tælendinga, Vietnamna og Kinverja. Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk/Also Special courses for Health Personell. Enska fyrir Leiðsögumenn/ Icelandic for Guides. Start: 19/7, 9/8, 23/8, 6/9, 4/10., 1/11, 29/11. 4 weeks x 5 workdays or Sat/Sun x 10 weeks. AM & PM. Price: 49.500. Labour Unions pay back 50-90 % of price. Stéttarfélag endurgreiða 50-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans. Is - facebook.com/icetrans. IceSchool-Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5. 108, s. 8981175.



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Ábendingahappinn má finna á

BARNAHEILL.IS



SAFT ILMOV



Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!



Sigurlaug
124.500 kr.



Gvendarlaug
177.000 kr.



Grettislaug
239.000 kr.



Geirslaug
257.000 kr.



Unnarlaug
285.000 kr.



Snorrulaug
278.000 kr.

NORMX

Íslensk framleiðsla í 39 ár!

OPIÐ 10-14 Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR!

Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is

ÚTSALAN ER HAFIN

30-50% AFSLÁTTUR

Skoðaðu úrvalið og pantaðu í netverslun www.curvy.is

Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18

og laugardaga frá kl. 11-16

I ❤️ SALE



Síðkjóll
11.193 kr
15.990 kr-



Kjóll
6.995 kr
13.990 kr-



Kjóll
6.993 kr
9.990 kr-



Kjóll
5.593 kr
7.990 kr-



Toppur
2.793 kr
3.990 kr-



Pils
5.593 kr
7.990 kr-



Túnika
6.993 kr
9.990 kr-



Stutt skyrta
3.493 kr
6.990 kr-




Gallabuxur
5.593 kr
7.990 kr-



Bikíní toppur
6.293 kr
8.990 kr-



Stuttbuxur
4.893 kr
6.990 kr-



Sundbolur
9.793 kr
13.990 kr-

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

Benjamín Sigurgeirsson ákvað fyrir tæpum áratug að hætta neyslu dýraafurða nema hann myndi góð rök fyrir því. Hann hefur enn ekki fundið þau og á dögnum kom út í þýðingu hans bókin *Frelsun dýra*.

Bókin *Frelsun dýra* eftir siðfræðinginn Peter Singer kom fyrst út árið 1975 og vakti þá mikla athygli enda umfjöllunarefnið, að hegðun meirihluta mannkynsins gagnvart dýrum, sé siðferðislega óréttlæt看anleg, að mörgu leyti framúrsteftnulegt á þeim tíma og er það jafnvel enn.

Bókin kom fyrst út 1975 en var uppfærð árið 1990. „Vissulega hefur margt breyst frá bæði 1975 og 1990 en frá sjónarhóli þeirra dýra sem við borðum þá er ekki mikið jákvætt í þessum breytingum. Ef við skoðum til dæmis Ísland þá eru líklega fleiri kjúklingar, svín og laxar, sem búa við þéttbæran búskap í dag en þá. Sama á við um lönd eins og Kína og Indland þar sem kjötneysla eykst samhliða aukinni velmegun. Þannig að, því miður, þá þjást fleiri dýr vegna eiginhagsmuna mannkyns í dag en fyrir 30-40 árum. Að því leyti til á bókinni fullt erindi í dag. Þrátt fyrir þessa döpru sýn þá er hún að miklu leyti til komin vegna fólksfjölgunar og eins og Singer tekur fram í bókinni þá hafa náðst góðar og marktækar breytingar í átt að frelsun dýra á þessum tíma,“ segir Benjamín.

Lágmörkun þjáningar

Benjamín las bókina fyrst árið 2014, tveimur árum eftir að hann sjálfur hætti að borða dýr. „Ég hafði auðvitað vitað af þessari bók nánast síðan ég tók þá ákvörðun að hætta að borða dýr og hafði séð fyrirlestra með Peter Singer á netinu og var því spennur að lesa hana. Peter Singer er siðfræðingur sem aðhyllist nytjastefnu en sú stefna gengur út á að velja þær aðgerðir sem hámarka nyt aðgerðanna. Í huga Singers, og flestra nytjastefnumanna, er nyt það sem hámarkar ánægju og lágmarkar þjáningu. Þetta er í raun siðferðisgrunnurinn í bókinni sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að við ættum að sniðganga dýraframleiðslu Vesturlanda.“

Í bókinni reynir Singer að sýna fram á að viðhorf okkar til dýra er í raun byggt á fordómum sem hann kallar tegundafordóma sem eru alveg jafn gagnrýnisverðir eins og kynþátta- og kynjafordómar segir Benjamín. „Það má segja að bókinni hafi mótað mun sterkari grunn að þeim rökum sem ég hafði gegn dýraframleiðslu og hún veitti mér innblástur til þess að reyna að gera



Benjamín segir það hafa verið auðvelt að gerast vegan með því að breyta hráefnum örllítið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Varð vegan á einni nóttu



Björk Eidsdóttir bjork @frettabladid.is

eitthvað í því, en fljótlega eftir að ég kláraði bókina skrifaði ég grein um meðferð dýra til mannelis í íslenska fjölmiðla,“ segir Benjamín sem nýtti öll frí í eitt og hálf ár til þýðingavinnu.

„Bókin fer einnig nokkuð ítarlega í tilraunir á dýrum og hversu óþarfar þær oft eru og valda dýrunum mikla þjáningu. Aðaláherslan er þó á dýr í matvælaframleiðslu enda mun fleiri dýr sem eru látin þola það ferli,“ segir Benjamín og bendir á að í sínu starfi einblíni Singer ekki eingöngu á ómennsk dýr. „Heldur notar hann nytjastefnuna einnig til þess að berjast gegn sára fátækt í heiminum, til þess að réttlæta þungunarrof kvenna, sem rök fyrir dánaraðstöð og fleira.“

Samtalið sem öllu breytti

Benjamín sem er með doktorspróf í í liftækni og starfar sem eðlisfræðikennari við Menntaskólann í Reykjavík varð í raun vegan á einni nóttu árið 2012. „Það var ekki eins og það hafi gerst smám saman heldur gerðist það í raun

mjög snögg. Ég var í námi í Svíþjóð og lenti í rökræðum við vin minn grænmetisætu þar sem við vorum staddir í útskriftarveislu. Ég hafði aldrei hugsað út í velferð dýra að neinu ráði fyrir það samtal en í lok þessa kvölds ákvað ég að ég myndi ekki halda áfram að borða dýr nema ef ég gæti fundið fyrir því góð rök. Síðan þá hef ég aflað mér töluverðra upplýsinga um málið og ekki fundið nein haldbær rök fyrir því að borða dýr eða styðja við dýraframleiðslu í velmegandi löndum.“

Benjamín viðurkennir að hann hafi í byrjun kvíðið því að segja fólki frá ákvörðun sinni. „Það er þínu asnalegt þegar ég hugsa til baka, að eitt það erfiðasta fyrir mig við að hætta að borða dýr var að segja öðru fólki frá því. En svo tók fólk þessu auðvitað sjaldan illa, þetta var bara eitthvað í hausnum á mér.“

Viðhorfið breyst síðustu ár

Hann segir kærustuna í upphafi hafa haldið að hann væri að grínast en þegar hann var að leita sér upplýsinga hafi hann rekist á heimild-

armyndina *Earthlings* og þau horft á hana saman.

„Þessi mynd hafði mikil áhrif og kærastan mín var alveg til í að taka þátt í þessu með mér. Einnhverjir voru með áhyggjur af því að mig myndi skorta næringarefni á breyttu mataræði en slíkar áhyggjur eru með öllu ástæðulausar. Eldri sonur minn ákvað fljótlega að hætta að borða kjöt. Bróðir minn tók líka vel í þetta og borðar ekkert kjöt í dag og er, eins og sagt er, „korter í vegan.“ Foreldrar mínir og vinir eru ekki á veganvagninum en ég myndi halda að viðhorf þeirra til veganisma sé jákvæðara í dag heldur en það var fyrir tíu árum.“

Hann segir lífsstílsbreytinguna í raun hafa verið auðveld. „Það var alveg ennþá hægt að borða pylsur, hamburgara, tælenskt karri og tacos, bara breyta hráefnunum örllítið svo það væri án dýraafurða. Án efa hefur það verið meira ströggil hér áður fyrr en núna er framboðið vel ásættanlegt og lítið sem ekkert til fyrirstöðu að borða vegan mat án nokkurra vandræða,“ segir hann og bendir á að í dag opni varla veitingastaður án þess að bjóða allavega upp á einn vegan rétt á matseðlinum.

Ekki kvöð að vera vegan

„Helsta breytingin er líklega sú að nú er ég upplýstur um hvað er gert við dýr til þess að þau geti orðið að mat fyrir mannfólk og fjöldi þessara dýra telur á milljörðum ár hvert. Orkunýtingin og landnýtingin fyrir þessa framleiðslu er einnig mjög ósjálfbær. Að vita að maður er að breyta rétt með tilliti til þessa er ágætis tilfinning.“

Aðspurður um útbreiddasta miskilninginn varðandi veganisma segir Benjamín erfitt að velja. „Að það sé erfitt að vera vegan, að maður fái ekki næg næringarefni, að það sé farið mun betur með dýr á Íslandi en annars staðar, að það breyti engu fyrir dýrin þó fólk gerist vegan, að dýraframleiðsla sé nauðsynleg til þess að brauðfæða vaxandi íbúafjölda jarðarinnar, að vegan matur sé bragðvondur, að ef þú getir ekki verið 100 prósent vegan þá sé alveg eins gott að sleppa því bara, að veganar hafi aldrei verið í sveit eða umgengist dýr, að þetta sé kvöð, og margt fleira.“

En ætli það séu helst þeir sem hættir séu að neyta dýraafurða sem lesi bókina? „Það vona ég svo sannarlega ekki. Ég vona að fólk sem ekki er vegan kaupir bókina og lesi hana. Fyrir þau sem eru vegan þá er bókinni góð heimild og til þess fallin að efla staðfestu þeirra í þeirra málstað. En fyrir þau sem eru ekki vegan getur bókinni breytt lífi þeirra, og ómennskra dýra, til hins betra, frá og með deginum sem þau ákveða að gera breytingar og um ókomna framtíð,“ segir hann að lokum. ■



Það er þínu asnalegt þegar ég hugsa til baka, að eitt það erfiðasta við að hætta að borða dýr var að segja fólki frá því.

SPENNAN
MAGNAST




AÐEINS

3.990 kr./mán

stod2.is

BETRI FRAMTÍÐ FYRIR HÚÐINA OG HAFIÐ

Sólarvörn sem gefur góða vörn og
tekur fullt tillit til plöntusvifs og sjávarlífs.



OPINBER OG
SJÁLFSTÆÐ VOTTUN



WATER LOVERS
UNNIÐ AÐ BETRI FRAMTÍÐ
FYRIR HAFIÐ SÍÐAN 2012



tekur fullt
tillit til sjávarlífs



97%
niðurbriótanleg
grunnformúla*



100%
endurvinnanleg og
endurunin flaska




Biotherm er í
samstafi við NGOs
um verndun hafsins



BIO THERM

**TAX FREE AFSLÁTTUR AF BIO THERM Í
HAGKAUP TIL OG MEÐ 7. JÚLÍ.**



Gerum ráð fyrir fólki



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@hringbraut.is

Aldrei hvernig þú mættir þegar ég fékk þyrrkingslegan svarpóstinn frá Tryggingastofnun ríkisins. Ætli það hafi ekki verið undir aldamótin. Altso, þegar allt vissi til betri vegar. Eða svo var sagt. Því nútíminn væri að bæta heiminn.

Ég hafði sumsé sent skeyti, þeirra spurninga hvort fjölfatlaðri dóttur minni stæði til boda að fá hjólastól frá hinu opinbera, sakir síaukinnar fötlunar sinnar, en hún stæði vart lengur undir sér, hrörnunarsjúkdómurinn væri farinn að leika hana heldur hart. Og mér föðurnum stæði ekki á sama.

Svarið var einfalt: Fötlunarstig viðkomandi gæfi ekki tilefni til þjónustu af umbeðnu tagi.

Fleiri voru ekki orðin.

Eitt A4-blad, póstsent á lögheimili, ein lína prentuð, svo örstutt var svarið.

Og mér fannst hún heldur miskunnarlaus, þessi lína hins opinbera.



Gott ef ég stóð ekki um stund í forstofunni, með svarblaðið fyrir framan mig – og spurði mig að því hvort það hefði verið manneskja frekar en tölva sem hefði sent mér þennan póst.

Ojújú, líklega manneskja. Annað gat það ekki verið.

En sumsé, dóttir mín væri ekki nægilega fötluð.

Ríkið segði nei. Og tölvan líka.



Ég varð mér úti um hjólastólinn sjálfur. Leigði hann af þar til bæru fyrirtæki – og því góða starfsfólki sem þar sinnti vinnu sinni af virðingu og mannúð.

Sé enn ekki eftir krónu í kaupiból þú erna.

Enda hrakaði dótturinni hratt.



Ári seinni spurðum við, nokkrir foreldrar fatlaða barna, hvort eitthvað væri að fréttu af boduðum búsetuúrræðum stjórnvalda fyrir fjölfatlað og þroskahamlað fólk á stóra Reykjavíkursvæðinu. En loforðin höfðu einmitt verið þeirrar tegundar. Fyrir þingkosningar. Á stórum póstkortum. Með myndarlegu fólki. Yfirlýsingaglöðu. Öll höfðum við sömu áhyggjurnar, að börnin okkar yrðu sambýlingar okkar foreldrana fram á fullorðinsár – og kannski þar til þeir sjálfir kveddu þetta jarðlíf. Sagan og reynslan bentu eindregið í þá áttina.

En við fengum fund með ráðherra. Eftir þapl, þapl og fuður. Einn hálf tíma fyrir hádegi. En það mætti ekki standa mínúttunni lengur.

Og það var nú fundurinn. Ráðherra dörmaði. Datt út um stund. Hafði ekki meiri áhuga á erindinu.

Man að aðstoðarmaðurinn hans horfði heldur vandræðalega á okkur, vakandi fólkið, gott ef ekki skömmustulegur.



En við fengum annan fund. Eftir annað þapl, þapl og fuður. Raunar nokkrum mánuðum seinna. En gott og vel. Þann fundinn var ráðherra réttu megin svefnsins, að okkur fannst, horfði á okkur allan tímann, uns hann kom með tilbóðið, það væri ódýrt húsnæði úti í Hrísey, að hann taldi, hvort ekki væri ráð að koma þeim þangað, börnunum okkar.

Og það var þá búsetuúrræðið. Og akkúrat svo: Það eru ekki nema tuttugu ár frá því æðstu menn litu á fjölfötluð börn sem heppilega þegna til hreppaflutninga.

Með fullri virðingu fyrir Hrísey,



Og það var nú fundurinn. Ráðherra dörmaði. Datt út um stund. Hafði ekki meiri áhuga á erindinu.

Því iðilfagra mannlífi sem þar er að finna. En ég er líka viss um að foreldrar fatlaðra barna þar um slóðir vildu ekki senda viðkvæmstu börnin sín suður í borgina.



Og svona lagað kallar á byltingu. Það má ekki annað vera. Við foreldrar skrifuðum blaðagrein sem birt var á besta stað í viðlesnu dagblaði, þeirra orða að fólk ætti ekki að vera fyrir heldur í fyrirrúmi. Og það var annar tveggja formanna stjórnarflokkanna á þeim árum sem hringdi í okkur í glanna-bítid daginn eftir og spurði okkur hvað væri til ráða. Það stóð ekki á svari. Og sambýlin voru byggð á nÆstu árum.



Besti mælikvarðinn á gæði samfélaga er hvernig þau koma fram við sína veikustu samlanda.

Líklega er ekki til betri mælikvarði á getu þjóða til að taka sig alvarlega – og vera almennileg.

Kunna sig.



Mikilvægasta og merkilegasta framfaraskref á Íslandi á síðustu

öldum er að gefa fólki tækifæri til að vera það sjálft og hafa óskoraða möguleika til að taka þátt í samfélaginu – og njóta styrkleika sinna – og raunar veikleika líka.

Þetta á við um fjölfatlað og þroskahamlað fólk sem lengi vel var geymt á bak við læstar dyr og rimla, af því það hafði ekkert erindi í samfélaginu, að því er ráðamenn töldu, jafnvel fræðimenn – og fæstir vildu heldur hafa það í hverfinu sínu, ef horft er til almennings.

Og þetta átti líka við um homma og lesbíur, hinsegin fólkið allt, og geðveika, drykkjusjúka, jafnvel bara skrýtnu listaspirurnar, furðufuglana.

Allt var steypt í sama mót. Og allt skyldi steypt í sama mót. Um aldur og væri. Annað var afbrigðilegt. Og það var ekki til.



Kvenfrelsi og mannréttindi. Heljarinnar skammtur af hvoru tveggja hefur skilað okkur betra og heilnæmara samfélagi. Í staðinn fyrir forpokað feðraveldi; gamla uppgubbaða afturhaldið og trúarþröngsýnina.

Okkur hefur miðað áfram.

Eitthvað áleiðis.



Og mikið óskaplega sem samfélagið er litríkara, fallelgra, merkilegra og mannúðlegra fyrir vikið. Því þar er árangurinn kominn. Þroskahamlaður einstaklingur – og allir aðrir jadardattu hóparnir okkar frá því á síðustu öld, fornöldinni – er loksins metinn af styrkleikum sínum, ekki veikleikum – og hann hefur fyrir vikið fengið tækifæri til allrar þátttöku í samfélaginu, á sviði atvinnu, tómstunda, lista, íþróttu, fjölmiðla, félagsstarfs og stjórnmála.

En þá tíðin er nýliðin. Við erum rétt að átta okkur á hver við erum. ■

Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.



UEFA
EURO2020

EM Í DAG



Gummi Ben og Helena Ólafs fylgja þér í gegnum EM í sumar!

ALLA LEIKDAGA 21:00



TÉK



DAN



8 LIÐA ÚRSLIT - Í DAG 16:00



ÚKR



ENG



8 LIÐA ÚRSLIT - Í KVÖLD 19:00



Tryggðu þér áskrift á stod2.is

NÓA
KROPP

HAGKAUP



Coca-Cola

ÚTSALA • ÚTSALA



Viðarvörn og pallaolía

25% afsláttur



ÚTSALA • ÚTSALA

14,21 kW

25%

NEXGRILL

Gasgrill Classic 4B
Breidd grills 118,2 cm, steypujárns grill-grindur, með hliðarbrennara. 3002020

63.740 kr

84.990 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

15%

Broil King

Gasgrill Gem 310
Grillflötur 55x37 cm, 3 brennarar, grillgrind f, hliðarborð. 3000613

42.495 kr

49.995 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

25%

BLACK+DECKER

Rafmagnskeðjusög

1800W, hraði keðju 13,5 m/s, þyngd 4,66 kg, smurtankur 100 ml. 5083681

16.930 kr

22.575 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

30%

claber

Slönguhjól Kiroso

40 m, 1/2" (12 mm). 5081665

3.706 kr

5.295 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

25%

CXKAS

Sláttuvél

Razor 4610

Bensínmótor
139cc/2,3kW,
sláttubreidd 46 cm,
6 hæðarstillingar
28-75 mm, 65 ltr. safnari. 5085301

37.496 kr

49.995 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

25%

ALKO

Sláttuvél

Bensínsláttuvél,
B&S mótor 2,6kW,
140 cm³, sláttubreidd
46 cm, 7 hæðar-
stillingar 30-80 mm, 60 ltr. 5085156

82.313 kr

109.750 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

20%

IKRA

mogatec

Rafmagnsorf

350W, 25 cm
sláttubreidd,
stillanlegt skaft
og haus. 5086616

4.796 kr

5.995 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

25%

Hekklippur

22 m, Hyper
Cut. 5084742

3.934 kr

5.245 kr

25-50% afsláttur af sumarblómum, trjáplöntum og runnum

ÚTSALA • ÚTSALA

50%

Stjúpur 10 stk.

1.145 kr

2.290 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

30%

Margarita

1.599 kr

2.290 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

40%

Lobelia

1.490 kr

2.490 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

40%

Gljámispill

1.490 kr

2.490 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

50%

Sýrena

2.745 kr

5.490 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

27%

Sólhnappur

1.799 kr

2.490 kr

ÚTSALA • ÚTSALA

25%

Sólboði

1.490 kr

1.990 kr

Sumarblóm **25-50%** • Trjáplöntur og runnar **25-50%** • Útipottar **25%** • Nexgrill gasgrill **25%** • Matjurtir **50%**
Vökvunarkönnur **25%** • Garðhúsgögn **25%** • Keðjusagir **25%** • Bensínsláttuvélar **25%** • Orf og hekklippur
Stanley loftpressur **20%** • Frystikistur (Frigor) **15%** • Slönguhjól (Claber) **30%** • LADY innimálning **20%** • Viðarvörn
Matarstell, glös og könnur **30%** • Hreinlætisvörur **20%** • Bökunarvörur **30%** • Pottar, pönnur og hitakönnur
Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) **20%** • Gúmmístígvél og gúmmískór **25%** • Öryggiskór og öryggisstígvél **20%**



RISA
útsölublað

husa.is

Vefverslun

Sendum
um land allt



husa.is



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG


ÚTSALA

Allt að **50%** afsláttur

• Útipottar og svalakassar **25%** • Fjölærar plöntur **30%** • Kryddplöntur **25%** • Garðstyttur og garðskraut **25%**
• (Ikra) **20%** • Hand- og rafmagnshekkklippur **25%** • Bensín- og rafmagnsorf **25%** • Greinakurlarar (Ikra) **20%**
• Húsnáttur og pallaolía **25%** • Útimálning **25%** • Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld **30%** • Hnífar **30%** • Eldhúsáhöld **30%**
• Húsnáttur **30%** • Regnföt **30%** • Vinnufatnaður **25%** • Barnabílstólar **30%** • Vinnuhanskar **20%** • Plastbox **25%**
• Húsnáttur **30%** • Endurvinnslutunnur **25%** • Lofta- og veggjapanill **20%** • Leikföng **25%** • Enox rafmagnshjól **15%**

Merkisatburðir

- 1921** Kristján X. stofnar Hina íslensku fálkaorðu.
- 1928** Bifreið fer um Öxnadalsheiði í fyrsta sinn. Ferðin frá Blönduósi til Akureyrar tekur 15 klukkustundir.
- 1948** Marshallaðstoðin berst Íslendingum frá Bandaríkjamönnum, um 39 milljónir dala.
- 1954** Hapdrætti DAS hefur göngu sína og dregið er í fyrsta sinn. Fyrsti vinningur er Chevrolet-bifreið.
- 1973** Vísindamenn tilkynna formlega um goslok í Vestmannaeyjum.
- 1985** Bandaríska kvikmyndin Aftur til framtíðar er frumsýnd.
- 1985** Francesco Cossiga er kjörinn forseti Ítalíu.
- 1986** Farsímakerfi er tekið í notkun á Íslandi með þjónustustöðvar á svæðinu frá Vík í Mýrdal til Vestfjarða.
- 1992** Norski njósnarinn Arne Treholt er náðaður og honum sleppt lausum.
- 1996** Boris Jeltsín sigrar aðra umferð forsetakosninga og er endurkjörinn forseti Rússlands.
- 2016** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu fellur úr keppni í EM2016 eftir 5:2 ósigur gegn Frökkum.



Elisabet og tíkin Rósa við kirkjuna á Sæbóli. Til hægri Hrafnaskálarnúpur og handan fjarðar Sauðanes.

MYND/PÓR ENGHOLM

Kveðst ekki vera í neinni klíku

Til stendur að leggja ljósleiðara og þriggja fasa rafmagn út á Ingjaldssand, milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar, eins og bb sagði frá. Elisabet Pétursdóttir er eini íbúinn þar.

varð fjólublátt. Það er eins og gamla fólk sagði. „Aldrei er góður góugróðurinn.“ Hún gerir vont úr veginum um Sandsheiðina. „Hann er bara hryllilegur. Það var reynt að hefja hann en ofaníbúrdurinn er enginn. Vegagerðin fyrir sunnan er ekki í liði með okkur en það vantar ekki viljann hjá þeim sem eru hér, þeir eru bara sviknir um peninginn sem þarf. Í fyrsta skipti hefur þó verið sett upp skilti á heiðinni sem á stendur Seinfarið.“

Kisur hvor í sínum stól

Oft er líflegt í sveitinni yfir sumarið, að sögn Elisabetar, enda Sæból III leigt út. „17. júní helgin var löng og þá var hér fullt af fólki. Það fjölga líka kringum mig nú um helgina.“ Ekki kveðst hún leigja út herbergi, frekar vilja létta undir með Kristínu á Sæbóli III og hafa sjálf pláss fyrir vini og vandamenn sem nenna að koma í heimsókn. „Ég að leigja út? - Nei, takk. Þá gæti ég ekki setið eins og ég geri núna með kisurnar mínar hvora í sínum stól við hliðina á mér. Það eru sko kattahár hér og hundahár þar.“ Hún kveðst alltaf hafa nóg að gera. „Ég er náttúrulega með fé á húsi allan veturinn og er í vinnu alla daga, eins og flestir. Svo þarf maður að versla og komast á eitt og eitt mannamót.“

gun@frettabladid.is

„Það verður lúxus að fá rafmagn í jörð og auðvitað góða nettengingu líka. Hvorutveggja eykur á öryggið,“ segir Elisabet Pétursdóttir bóndi, um fyrirhugaða lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns í sveitina hennar Ingjaldssand. Hún er ein um að hafa fasta búsetu þar. Spurð hvort hún sé í einhverri klíku svarar hún: „Nei, þetta er ekki komið til af neinu slíku. Það er Bjössu í Snerpu sem hugsar svona vel til okkar.“

Hann og Orkubú Vestfjarða eiga heiðurinn af þessu. Svo er þetta ekki nýtt, það átti að koma ljósleiðara og þriggja fasa straum hingað fyrir þremur árum þegar Holt var tengt, en náttúran og fleira sá til þess að hægðist á framkvæmdum. Það náðist að koma strengjum út í Valþjófsdal í fyrra og þaðan verður plægt upp Klúku, gömlu reiðleiðina milli Önundarfjarðar og Ingjaldssands. Vonandi hefst það fyrir veturinn.“

Góugróðurinn svikull

Vegurinn á Ingjaldssand liggur út með Dýrafirði norðanverðum, inn Gerðhamradal upp á Sandsheiði og niður Brekkudal. „Ég keyri tvisvar yfir 66°nordur- línuna þegar ég fer á Flateyri,“ segir Elisabet glæðlega. Hún býr á Sæbóli II sem er, eins og nafnið bendir til, úti við hafid og hún segir þar allt galopið fyrir norðanáttinni og grassprettan sé seint á ferð þetta sumarið.

„Gróðurinn fór af stað í hlýindum í vetur, svo kom þurrakuldi í maí og allt

”

Meira að segja yfir sumarið er ég með mjólk í frysti, því þó ég sé ein í dag veit ég ekki hversu margir verða á morgun.

vitið,“ segir hún og á líka vísa aðstoð við heyskapinn, meðal annars frá Þór, 23 ára syni sínum. Hún kveðst hafa aðgang að mörgum tónum í sveitinni og nú lítist henni best á sprettuna í sandræktinni.

Notar WhatsApp

Elisabet er með bráðabirgða-nettengingu sem hefur dugað nokkuð vel í tvö ár. „Það er Bjössu í Snerpu að þakka,“ segir hún. „Sú tenging olli breytingum á lífi mínu því þá fór ég að vera í sambandi við fleira fólk – og lengra í burtu gegnum WhatsApp.“

En ég held það verði léttir hjá mönnum í Orkubúinu þegar allt verður komið hér í jörð, svo þeir þurfi ekki að að redda einhverju á heiðinni í alls konar aðstæðum.“ Sjálf lætur hún sér aldrei leiðast. „Þegar rokið minnkar ætla ég út í garð og líka að snyrta kringum kirkjuna. Svo er ég í handverki, en ekki eins dugleg og ég var. Samt er eitthvað til ef fólk vill kíkja við.“ ■

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson www.utforin.is Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing *Tíð andlát ástvinar*

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 **Þjónusta allan sólarhringinn**

Jón G. Bjarnason útfararstjóri Guðmundur Baldvinsson útfararstjóri

Magnús Sævar Magnússon útfararstjóri Sigurður Bjarni Jónsson útfararstjóri

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Þetta gerðist: 7. júlí 1915

Íslenskar konur fögnuðu kosningarétti

Konur efndu til mikilla hátíðahalda í miðborg Reykjavíkur við setningu Alþingis þennan dag árið 1915 og fögnuðu nýfengnum kosningarétti.

Dagskráin hófst á því að konur gengu fylktu liði inn á Austurvöll. Ungar konur voru þar fremstar í flokki og veifuðu allar íslenska fánanum, því þann 19. júní 1915, sama dag og konungur skrifaði undir lög um kosningaþátttöku kvenna, tóku lög um

íslenska fánann einnig gildi.

Sendinefnd úr hópnum gekk inn í þinghúsið þar sem lesið var þakkarávarp og þingheimur hrópaði þrefalt húrta fyrir konum. Síðan hófst útfundur með söng og ræðum. Ingibjörg H. Bjarnason og Briet Bjarnhéðinsdóttir töluðu. Mikil bjartsýni var ríkjandi í hópnum og Briet lauk ræðu sinni á þessum orðum: „Við heilsum glaðar framtíðinni.“ ■



Briet Bjarnhéðinsdóttir.



Ingibjörg er að spila í fyrsta skipti í Hofi og finnst það spennandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ætla að leika á Listasumri

Ingibjörg Elsa Turchi kemur fram í Hofi á Akureyri, ásamt hljómsveit, síðdegis í dag, laugardag, á vegum Listasumar á Akureyri.

gun@frettabladid.is

„Ég er aðallega á bassanum og sem mína tónlist á hann og í tölvunni. Þetta verður í fyrsta skipti sem ég spila í Hofi, svo það er spennandi, en ég hef oft spilað á Græna hattinum,“ segir Ingibjörg Elsa Turchi, um tónleika sem hún heldur þar í dag með hljómsveit, sem eru eru liður í dagskrá Listasumars á Akureyri eins og lesa má á www.listasumar.is. „Ég vona bara að fólk verði til í að hvíla sig aðeins á sólinni og stökkva inn á tónleikana,“ segir hún og bendir á að þeir séu á þægilegum tíma, milli sex og sjö.

Með Ingibjörgu spila þeir Tumi Árnason á saxófón, Magnús Trygvason

”

Ég vona bara að fólk verði til í að hvíla sig aðeins á sólinni og stökkva inn á tónleikana.

Eliassen á trommur, Hróðmar Sigurðsson á gítar og Magnús Jóhann Ragnarsson á píanó. „Þetta eru þeir sömu og eru með mér á plötunni Meliae, ég hef aldrei spilað með þeim á Akureyri áður,“ lýsir hún. „Við erum að koma svolítið úr öllum áttum og hittumst þar.“

Ingibjörg Turchi hefur verið sýnileg í íslensku tónlistarlífi síðustu ár og komið fram með mörgum listamönnum, svo

sem Emiliönu Torrini, Bubba Morthens, Teiti Magnússyni og Studmönnum. Hún samdi verk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands sem var frumflutt í apríl á þessu ári. Í júlí í fyrra gaf hún út Meliae, fyrstu plötuna sína í fullri lengd. Platan hlaut Kraumsverðlaunin 2020, var valin plata ársins af Morgunblaðinu og strau.is og Ingibjörg hlaut sex tilnefningar og tvenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaunum 2021.

Á tónleikunum í Hofi kveðst Ingibjörg ætla að leika verk af plötunni Meliae með hljómsveitinni, auk nýs efnis af plötu sem er í bígerð, í bland við spuna.

En eitt að lokum: Hvaðan er Turchi nafnið?

„Það er ítalskt og er frá pabba mínum.“ Eru tónlistargenirn þín ítölsk líka? „Þau eru úr báðum ættum. Foreldrar mínir starfa samt ekki við tónlist en þau hlusta mikið á hana.“ ■



Ástvinur minn og faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Kjartan G. Magnússon
læknir,

lést mánudaginn 21. júní.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 8. júlí, kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
Kjartans er bent á Bergið headspace.

Maria Teresa Gonsalves
Sveinn Kjartansson **Lára Pálsdóttir**
Júliana Elín Kjartansdóttir **Jósef Ognibene**
Jóhann Kjartansson **Ingilau Erlingsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, og langamma,
Marsibil Hólm Agnarsdóttir
Viðimýri 4, Sauðárkróki,

lést föstudaginn 25. júní 2021 á
Fjórðungsjúkrahúsinu á Akureyri.
Útförin fer fram frá Sauðárkróskirkju
mánudaginn 5. júlí 2021, kl. 14. Jarðsett verður í
Hólakirkjugarði. Sérstakar þakkir færur við fjölskyldan
starfsfólki á skurðlækningadeild FSA, fyrir góða umönnun.

Helga Sigríður Árnadóttir **Þórður Grétar Andrésson**
Agnar Ástmar Geirfinnsson **Hafdis Alda Njálsdóttir**
Ástvaldur Jóhannesson **Stefanía G. Guðjónsdóttir**
Bjarni Friðrik Jóhannesson **Bjarney S. Snævarsdóttir**
Sigfús Jóhannesson
Guðleif S. Jóhannesdóttir **Sturla Eidsón**
Ásta Agnes Jóhannesdóttir **Páll Gíslason**
Una Herdis Jóhannesdóttir **Björn Guðsteinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Steinunn Árnadóttir

Hrafnistu, Boðarþingi,
áður til heimilis að
Kveldúlfsgötu 1,
Borgarnesi,

lést þann 22. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju
mánudaginn 5. júlí klukkan 13.00.

Sólrun Gunnarsdóttir **Gylfi Már Guðjónsson**
Hafdis A. Gunnarsdóttir **Nikulás Árni Halldórsson**
Trausti Gunnarsson **Ástríður Gunnarsdóttir**
Tryggvi Gunnarsson **Halldóra Ágústsdóttir**
Ingileif A. Gunnarsdóttir **Guðjón Bjarnason**
Árný Guðrún Gunnarsdóttir **Guðjón Bjarnason**
og fjölskyldur.



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,
Áslaug Valdemarsdóttir
Höfðagrunn 27, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á
Akranesi, miðvikudaginn 23. júní.
Útför hennar fer fram frá Akranesarkirkju,
þriðjudaginn 6. júlí kl. 13.00. Streymt verður frá útförinni á
vef Akranesarkirkju, akranesarkirkja.is

Lilja Ellertsdóttir **Gunnar Þór Garðarsson**
Jón Ellert Guðnason **Arnþróður Kristjánsdóttir**
Áslaug Guðnadóttir
Gunnar Þór Gunnarsson **Inga Guðrún Gísladóttir**
ömmubörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sonja María Carlsen

lést 26. júní í faðmi dætra sinna.
Útförin fer fram frá Lindakirkju,
fimmtudaginn 8. júlí kl. 15.

Helga Björk Óskarsdóttir **Páll Viðar Kristinsson**
Rósmarj Ósk Óskarsdóttir
Sonja Guðrún Óskarsdóttir
Karen Hrönn Óskarsdóttir
og ömmubörn.



+

Ástkær faðir okkar,
Benedikt Sigurbjörnsson,
smiður, garðyrkjubóndi,
fasteignasali og listamaður,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 18. júní.
Útför hans verður frá Fossvogskirkju
fimmtudaginn 8. júlí, klukkan 13.

Fyrir hönd annarra aðstandenda,
Þóra Guðrún Benediktsdóttir
Hólmfríður Ben Benediktsdóttir
Indriði Benediktsson



+

Þökkum hlýhug og vináttu
vegna andláts elsku mannsins míns,
bróður, mágs og frænda,

Finns Bárðarsonar
iðjuþjálfar.

Iréne Jensen **Vilborg Ingólfssdóttir**
Leifur Bárðarson **Guðmundur Pálsson**
Margrét María Leifsdóttir **Kristbjörn Helgason**
Inga María Leifsdóttir **og börn þeirra.**



+

Elskuleg mamma okkar,
tengdamamma, amma og langamma,

Ólafía Albertsdóttir

Köldukinn 23,
Hafnarfirði,

lést á Sólvangi sunnudaginn 27. júní.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
miðvikudaginn 7. júlí kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag áhugafólks
um Smith-Magenis heilkenni (SMS), 537-26-4930 og
kt. 491213-0190.

Viðar Gunnarsson **Puríður Jónsdóttir**
María Gunnarsdóttir **Fríðbert Guðmundsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



+

Elskulegur faðir minn,
tengdafaðir og afi,
Sveinn Bergmann
Steingrímsson

Kaplaskjólsvégi 63, Reykjavík,
lést á Hrafnistu, Laugarási, 16. júní sl.
Útförin fer fram frá Frikirkjunni
í Reykjavík mánudaginn 5. júlí nk. kl. 13.

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Stefán Ívar Ívarsson
Halldór Ívar Stefánsson




+

Ástkær móðir mín og amma okkar,
Anna Magnea Jónsdóttir

lést í Brákarhlíð, Borgarnesi, þann
23. júní. Útför hennar verður frá
Garðakirkju, miðvikudaginn 7. júlí kl. 15.

Gunnar Örn Hauksson
Haukur Ársæll Birgitta Ýr
Jóhann Örn
Kristbjörn
Sigrún Jóna



LAUSNARORÐ Vísbending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist þarfapungur í eldhúsinu (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 8. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „3. júlí“. ■



Sudoku

	2		1	5			6	
	6		2				9	
					8			5
		1			4	8		3
			3		5	9		
9	2							
6		3	9	1	7	5		
1						6	7	
	9					3		

	2				5			8
			6			9		
	5	9			8	1	2	
		2				7	6	
		4		6			3	
				5	3			1
						1		7
9	3							
2			9			8		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson


Gróði á tveimur borðum

Ísland var með fjögur landslið á NM sem spilað var á netforritinu Real-Bridge. Bestum árangri náði landsliðið í opnum flokki, sem endaði í öðru sæti á eftir Svíum. Á NM var spilað tvöföld umferð og Ísland vann góðan sigur á Svíþjóð í síðari umferð, 17:08-2:92. Þetta spil úr leiknum átti mikinn þátt í því, þar sem Ísland græddi 13 impa. Vestur var gjafari og allir á hættu:

Norður	♠ K75	♥ DG9	♦ ÁKG8	♣ ÁKD
Vestur	♠ 8432	♥ 873	♦ 9762	♣ 87
Austur	♠ 106	♥ K10654	♦ 53	♣ 10432
Suður	♠ ÁDG9	♥ Á2	♦ D104	♣ G965

Sviarnir Simon Hult og Peter Berthau sátu í NS með miklu spilin, á öðru borðanna. Simon vakti á multisögninni tveimur tígum, sem gat meðal annars innihaldið sterka, jafnskipta hönd. Þeir fóru í fjölmargar sagnir og Berthau (í suður) lét sér nægja að fara í sex grönd, eftir tíu sagnir. Á hinu borðinu vakti Snorri Karlsson í norður á tveimur gröndum, sem sýndu 23-24 punkta jafnskipta. Júlíus Sigurjónsson, sem sat í suður, spurði með þremur laufum og fékk þriggja tígla svar, sem neitadi lengd í hálit. Þá lét Júlíus bara vaða í sjö grönd. Þar voru 13 slagir í boði, en hjartakóngur lá fyrir svíningu ef þess hefði þurft. Spilið var spilað á sex borðum í opnum flokki og á fjórum þeirra var farið í sjö grönd. Sænska og danska parið (Casperen-Graversen) létu sex grönd nægja. Danir voru að spila við Færeyinga og töpuðu einnig þegar hitt borðið fór í sjö grönd. Danir og Færeyingar gerðu 10-10 jafntefli í sínum leik. ■

Lausnarorð síðustu viku var SKÝJAKLJUFUR



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur. ■

LÁRÉTT

- Viðfang þessarar glæpasögu? Bolli af skít! (9)
- Tel liðin ár setja sinn svip á stykki sem markar þáttaskil (12)
- Horfir stíft á heiði og hennar stinnu strá (9)
- Rykkorn og þoka fela flokk fiska (7)
- Deig sannfærir ákveðinn mann og skarpan (9)
- Hrói höttur þræðir ívaf í uppistöðu (6)
- Hvernig pantar maður snúning án viðeigandi lista? (9)
- Nú gutlum við á gítarinn og gerum landið hreint (7)
- Sá síðasti fær nanógramm sykurs á strimlaðan graut (6)
- Sakna sist þessa ruglaða asnaliðs með titlana tvo og þrjá (8)
- Hjónaefnin elskuðu hvort annað en ég bara hann (9)
- Aggi ræður ranga vísbendingu (5)
- Rek hugarfleyg í síki sundfugla (7)
- Búið er þrifið og öðrum lofað (8)
- Læt lurk við bekk en rún í rekk og té í tekk (7)
- Hér er merki um þá sem passað er upp á (5)
- Þvæ mér hvorki né snæði án eldhúsbekkja (10)
- Þessi drepsótt var skammlíf tiska meðal frenja (7)
- Fari hópur í heitan pott, greiðir það fyrir framhaldinu? (6)
- Finndu nú lausan tíma til að deyja (10)
- Held ég sjóði ekki rúma þúsund lítra af landa (4)
- Metta væng með fangi (8)
- Stofna metalband sem heitir Þverhnípspráður (8)
- Mer ká í mauk (4)
- Lenda í ófærum án þess þó að drepa neinn (8)
- Sjá sist eftir austri á stundum (8)
- Þessi sagnamaður er að gera mig óðan (6)
- Skítverk sex: Netlögn. Það mun gerast! (8)

LÓÐRÉTT

- Nokkrar konur mættu með Hörpu (9)

- Galeiðurnar voru nú meiri djúfuls drekarnir (9)
- En falli þetta fall þá verður það Íslands mesta fall (9)
- Mun hann sjá eftir að setja sóttkveikjur í sinn belg? (9)
- Hélt Róbinson Krúsó vera Sólstrandargæja (10)
- Börn skapa röð myndskreytinga í minni kantinum (8)
- Brennivín fyrir krakka kots sem ekki stendur undir þeim (8)
6. skilningarvitið? Iss, ég hef fleiri og rata æ um allt (8)
- Tvisvar hef ég farið um borð í tvöfalt fley (7)
- Gleðimerki gefur fyrirheit um frumefni sem stóðust ei (7)
- Alltaf má bæta box ef fólk er í réttu formi (9)
- Skæði spyr um skæði (7)
- Er sú rákum setta háð skelfingu? (7)
- Teppir stofnbrautir með síðustu tölum (9)
- Kæra hörð vegna væringa (7)
- Finnur þú magnað höfuðfat ringluðu hrottanna? (9)
- Haldið utan um viðáttuna! (7)
- Er hægt að breyta ótemjuaðhaldi hestaréttar í kvikmyndaklefa? (7)
- Svona ormur notar málið til að niða burknann (12)
- Hefja kosna kuklara til skýjanna (7)
- Þessi uxi mun reyna að fanga það sem fyrst datt úr tisku (8)
- Lýsum allt hjá ljós-nálum (8)
- Það þarf minnugt fólk til að laga þvona lélegt klístur (8)
- Ruglast í lokin og fatast flugið (6)
- Greni? Því trúir ég ekki (5)
- Má plata plötu til fylgilags? (5)
- Æ, ég hef náð mér í einhverja bölvada pest (4)
- Fór í sund í framhaldsskóla og fékk tré í staðinn (4)

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Barnalestin** eftir **Viola Ardone** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ólóf Björg Einarsdóttir, Kópavogi**.



NÓA

NÝTT

NÓA

Stökk
Hnappar

með karamellubragði og klikkuðu krönsi

Stökk
Hnappar
klikkuðu krönsi

280 g

TAKMARKAÐ
MAGN

Prófaðu nýju Nóa Stökk hnappana
með karamellubragði og klikkuðu krönsi!

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

BJORN SBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is
Austurströnd 14 • Hringbraut 35

KRYDD
veitingahús

Restaurant & Bar
Hafnarfirði

SUMARTILBOÐ
Fjögra rétta ósvissuferð fyrir tvo 9.990 kr

Hafa samband Sími: 558-2222 krydd@kryddveitingahus.is


Strandgata 34 220 Hafnarfjörður kryddveitingahus.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Veðurspá Laugardagur



Í dag verður víðast fremur hæg austlæg eða breytileg átt, stífust norðvestan til. Yfirleitt bjartviðri, síst þó úti við ströndina þar sem hætt er við þokulofti. Hiti 10-24 stig, hlýjast á miðhálandinu. ■

Þoka og þokuspár




Sigurður Þ. Ragnarsson
vedur @frettabladid.is

Nú er sú staða uppi í veðrinu að hætt er við þoku eða þokumóðu með ströndum landsins, sem teygt getur sig inn á landið. Þoka verður til þegar rakt loft kólnar niður fyrir daggarmark, þá myndast dökk, sem eru örsmáir dropar án rigningar. Þokuveðurspár eru oft fremur snúnar spár við að eiga og bregðast því


óþarflega oft. Á nóttunni kólnar og þá myndast stundum þoka, sérstaklega þó yfir sjó, því það loft er mun rakara en loft yfir landi. Stundum er þoka þegar menn vakna að morgni en eftir því sem á daginn líður og það hlýnar leysist þokan oftast upp. Gallinn við þokuloftið er að allar hitaspár fara meira eða minna í vaskinn þar sem þokunnar gætir. Á hverjum degi eru gerðar tölvuspár sem reikna líkurnar á þoku. Þessar spár gefa það til kynna að nú með morgninum verði víða þoka einkum þó við austurströndina og með ströndum á Vestfjörðum og Snæfellsnesi. Svo eru yfirgnæfandi líkur á að þokunni létti mjög víða þegar á daginn líður. ■

Sunnudagur Mánudagur


Reykjavík




Ísafjörður




Akureyri



Egilsstaðir



Kirkjubæjarklaustur



Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ILVA

Íttisala

1. JÚLÍ - 9. ÁGÚST

ALLT AÐ

50%
AF VÖLDUM VÖRUM



ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11:00-18:30, helgar 12-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18,
laugardaga 10-17, sunnudaga 13-17

 netgiró
VALITOR



[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ilvaisland)



[INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ilvaisland)



María fjallar um dulsmál.

María Dalberg sýnir í Berlín

kolbrunb@frettabladid.is

María Dalberg opnaði einkasýningu *Uncontainable truth* (2021) í Künstlerhaus Bethanien í Berlín þann 11. júní síðastliðinn. Sýningin stendur til 11. júlí.

Þungamiðja verksins er ljóðaupplesstur þar sem María hefur kjarnað saman og endurskrifað frásagnir fimm 17.-19. aldar íslenskra vinnukvenna sem sátu réttarhöld vegna dulsmála.

Myndverkið visar í þvottakornar og María notar rauða litinn sem ákveðna táknmynd. Þvottakornar hreyfa sig undir tónverki eftir Áka Ásgeirsson. ■



Eva Björg Áegisdóttir.

Eva verðlaunuð í Bretlandi

kolbrunb@frettabladid.is

